

# MOSFELLINGUR

4. TBL. 23. ÁRG. FIMMTUDAGUR 11. APRÍL 2024 • DREIFT FRÍTT INN Á ÖLL HEIMILI Í MOSFELLSBÆ • VEFÚTGÁFA: WWW.MOSFELLINGUR.IS

Bikarinn í Kvíslarskóla • Keppni 7. bekkinga • Rakel Halldórsdóttir hlutskörpust

## Stóðu uppi sem sigurvegarar í Stóru upplestrarkeppninni



Stóra upplestrarkeppnin í Mosfellsbæ fór fram þann 21. mars og urðu úrslit þau að Rakel Halldórsdóttir nemandi í Kvíslarskóla sigraði, Þorsteinn Flóki Högnason nemandi í Kvíslarskóla varð í öðru sæti og Eva Jónína Danielsdóttir nemandi í Lágafellsskóla hafnaði í þriðja sæti. Á lokahátíð keppinnar kepptu 12 nemendur úr þremur grunnskólum Mosfellsbæjar til úrslita. Lásu þau brot úr skáldsögu og ljóðum.

Mynd/RaggiÓla

### EIGN VIKUNNAR

www.fastmos.is



### Tröllateigur - falleg endaíbúð

Rúmgóð, falleg og vel skipulagð 144,3 m<sup>2</sup> fjögurra herbergja endaíbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílakjallara fylgir eigninni. Stórar svalir í suðvesturátt sem eru með svalalokun að hluta.

V. 96,9 m.



**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**



FYLGSTU  
MEÐ OKKUR  
á Facebook

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080  
Svanþór Einarsson • lögg. fasteignasali • www.fastmos.is

## VINNULJÓS SEM VIRKA MEÐ ÞÍNUM RAFHLÖÐUM



2.500, 5.000 & 10.000 Lumen

VIRKAR MEÐ RAFHLÖÐUM FRÁ:  
Milwaukee, Dewalt,  
Metabo, Bosch,  
Makita, Hikoki og  
Panasonic



Hyrjarhöfða 2  
Sími 558 0888  
www.redder.is



## KRANSAKAKAN FYRIR FERMINGUNA FÆST Í MOSFELLSBAKARÍ

HÁHOLT 13-15 HÁALEITISBRAUT 58-60 MOSFELLSBAKARI.IS



Mosfellingurinn Jóhann Alfreð Kristinsson uppstandari

Ég hef svo ótrúlega  
gaman af þessu öllu »24

## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

# Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbær  
Símar: 566 7660 og 697 7685 jonrett@internet.is  
WWW.JONB.IS



BÍLALEIGA  
Á STAÐNUM



CABAS



ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI  
SKIPTUM UM FRAMRÚÐUR

**Útgefandi:** Mosfellingur ehf., Spóahöfða 26, sími: 694-6426

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

Hilmar Gunnarsson, hilmar@mosfellingur.is

**Ritstjórn:**

Anna Ólöf Sveinbjörnsdóttir, annaolof@mosfellingur.is

Ragnar Þór Ólason, raggiola@mosfellingur.is

Ruth Örnólfsdóttir, ruth@mosfellingur.is

**Prentun:** Landsprent. **Upplag:** 5.000 eintök. **Dreifing:** Afturelding.

**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur ehf.

**Prófkörk:** Ingibjörg Valsdóttir ISSN 2547-8265

Tekid er við aðsendum greinum á mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð. Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudegi fyrir útgáfudag.

Mosfellingur kemur út mánaðarlega.

NÆSTI MOSFELLINGUR KEMUR ÚT 9. MAÍ

## Yfir þrjá þröskulda?

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands er nauðsynlegt að láta fólk fara yfir þrjá þröskulda til að aprílgabb sé fullgilt. Í Mosó finnst mér að reglan ætti að vera þrjú hringtorg. Þið getið hætt að leita að hvalnum í Leiruvoginum. Hann er ekki rekinn á land og björgunarsveitin og hestamannafélagið eru ekki að aðstoða við að



Hilmar Gunnarsson, ritstjóri Mosfellingur

koma honum á flot. Ekkert frekar en Lionsklúbburinn Kiddi sé að selja stígvél fyrir viðstadda. Aprílgabb blaðsins féll í góðan jarðveg hjá flestum og fór fram í hringrás Mosfellingur (e.story) á samfélagsmiðlum. Þar er enginn til að kommenta og kjafta frá. Það var nóg að gera í Photoshop þennan daginn og hinir ýmsu hvalir komu við sögu í bland við þekktar persónur sem við fundum í fjöru. Þetta var orðið það gaman að ég var næstum farinn að trúá þessu sjálfur. Þó nokkrir voru á ferðinni og vildu bera ferlíkið augum. Kannski einn daginn.



# ÍS FUGL

www.isfugl.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU ...

### BÖSENDORFER FLYGILL Í HLÉGARÐI Í 50 ÁR

Hljóðfærið var vígt á tónleikum 29. júní árið 1974. Aðdragandinn var að fyrir forgöngu skólanefndar Brúarlandsskóla var hafin kennsla á hljóðfæri árið 1963. Síðan var stofnað Tónlistarfélag til að koma á fót og reka tónlistarskóla auk þess að efna til tónleika a.m.k tvisvar á ári í Hlégarði.

Ólafur Vignir Albertsson píanóleikari var ráðinn skólastjóri. Hann var nýkominn heim frá námi í Englandi og var einn fremsti meðleikari söngvara á þessum árum. Fengum við að sjá og heyra marga þá bestu hér í Hlégarði. Sinfóníuhljómsveit Íslands kom einnig árlega um langt skeið.

Almenn fjársöfnun var í Mosfells-, Kjálarnes- og Kjósarhreppum vegna kaupna á hljóðfærinu. Forystu höfðu Tónlistarfélagið, Kirkjukórasamband hreppanna og félagsheimilið Hlégarður. Vel munaði um framlag Búnaðarbanka Íslands sem hafði þá nýlega opnað útibú í Mosfellsveit.



Ólafur Þ. Jónsson söngvari



Sigríður Ella Magnúsdóttir, söngvari



Ólafur Vignir Albertsson, píanóleikari og skólastjóri



Haldór Haraldsson píanóleikari vígði hljóðfærið

**TÓNLEIKAR**  
 Í HLÉGARÐI LAUGARDAGINN  
 29. JÚNÍ KL. 3<sup>00</sup>

**FLYTJENDUR VERÐA:**  
 HALLDÓR HARALDSSON  
 SIGRÍÐUR E. MAGNÚSDÓTTIR  
 ÓLAFUR JÓNSSON  
 ÓLAFUR VIGNIR ALBERTSSON

**VÍGÐUR VERÐUR NÝR FLYGILL OG ER ÖLLUM HÉRAÐSBÚUM BOÐIÐ Á TÓNLEIKANA**

UNDIRBÚNINGSNÉFND

Umsjón: Birgir D. Sveinsson (birgird@simnet.is)

## HÉÐAN OG ÞAÐAN



Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?

## Hringdu

skólanet Hringdu

- hraðasta internetið
- ótakmarkað gagnamagn
- langbesta verðið
- fyrir námsmenn



# Fasteignasala Mosfellsbæjar



Svanþór  
Einarsson  
Lögg. fasteignasali



Sigurður  
Gunnarsson  
Lögg. fasteignasali



Theodór Emil  
Karlsson  
Lögg. fasteignasali



Steingrímur  
Benediktsson  
Lögg. fasteignasali



## BJARKARHOLT 10

Falleg og sjarmerandi ósamþykkt 118,9 m<sup>2</sup> 3-4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi í nýlegu lyftuhúsi. Frábær staðsetning í hjarta Mosfellsbæjar þar sem stutt er í alla þjónusta.

V. 64,9 m.



## VEFARASTRÆTI 40

Björt, falleg og vel skipulögð 98,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í lokaðri bílageymslu. Svalir í suðausturátt með fallegu útsýni. Frábær staðsetning, rétt við Helgafellsskóla.

V. 73,5 m.



## VOGATUNGA 47

Fallegt og vel skipulagt 199,8 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mikil lofthæð og innbyggð lýsing er á efri hæðinni. Mjög stórar svalir ca. 30 m<sup>2</sup> með fallegu útsýni og stór timburverönd.

V. 137,9 m.



## HELGADALSVEGUR 10

Tvö einbýlishús samtals 424,8 m<sup>2</sup>. Glæsileg bjálkahús á tveimur hæðum með stórum bílskúr og auka einbýlishúsi á tveimur hæðum. Heimilt er að byggja annað húsnæði, t.d. hesthús, gróðurhús eða íðnaðarhús allt að 500 m<sup>2</sup>.

V. 290,0 m.



## LILJUGATA

Glæsileg og vel skipulögð 190 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, frágenginni lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignirnar afhendast rúmlega tilbúnar til innréttingar með frágenginni lóð.

V. 144,5 m.



## DESJAMÝRI 5

73,6 m<sup>2</sup> geymsluhúsnæði (endabil) á afgirtu lokuðu svæði. Hámarks lofthæð 4,3 m og því hægt að setja geymsluloft. Búíð er að setja epoxy á gólf og ca. 1,2 metra upp á vegg. Engin VSK-kvöð er á eigninni.

V. 36,9 m.



## FOSSATUNGA 1-15

Ný og vel skipulögð raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Mjög stórar svalir með fallegu útsýni. Húsin afhendast fullbúin að innan með grófjafnaðri lóð, en þó er búíð að helluleggja fyrir framan inngang.

V. 129,9-133,9 m.



## LAXATUNGA 107

Glæsilegt og vel skipulagt 178,4 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og timburverönd í bakgarði. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, stofu/borðstofu, þrjú svefnherbergi og tvö baðherbergi. Auðvelt að bæta við auka svefnherbergi.

V. 129,0 m.



## PRASTARHÖFÐI 5

Falleg og vel skipulögð 109,8 m<sup>2</sup> 4ra herbergja endaíbúð með fallegu útsýni á 2. hæð, ásamt stæði í bílageymslu. Vinsæll staður í Mosfellsbæ. Stutt er í Lágafellsskóla, leikskóla, Lágafellslaug og World Class, en auk þess er golfvöllur í næsta nágrenni.

V. 79,9 m.



## BRÚARFLJÓT 2B

Nýlegt og vandað atvinnuhúsnæði á tveimur hæðum. Samkvæmt teikningu er neðri hæð samtals 57,6 m<sup>2</sup> og efri hæð 53,8 m<sup>2</sup>. Yfir hluta neðri hæðar er stigapallur 18 m<sup>2</sup>. Samtals 129,4 m<sup>2</sup>.

V. 55,0 m.



## VEFARASTRÆTI 11

Björt og vel skipulögð 125,5 m<sup>2</sup>, 5 herbergja endaíbúð í lyftuhúsi á efstu hæð ásamt bílastæði í bílageymslu. Mikil lofthæð og gluggar í þrjár áttir sem gerir eignina skemmtilega og bjarta. Frábær staðsetning rétt við grunn- og leikskóla, Helgafellsskóla og fallegar gönguleiðir.

V. 84,9 m.



## VOGATUNGA 5

Fallegt og vel skipulagt 316,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með mikilli lofthæð og innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, geymslu, forstofu, sjónvarpshol, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr.

V. 188,0 m.



## LÓUGATA

Ný og glæsileg 172,2 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með bílskúr, frágengin lóð með hellulögðu bílaplani og timburverönd. Eignirnar afhendast í júní 2024 tilbúnar til innréttingar en auk þess eru þær fullmálaðar og rafmagn frágengið með free@home hússtjórnarkerfi frá ABB.

V. 114,9 m.



## HÁHOLT 4A

Rúmgóð og vel skipulögð 94,9 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaíbúð með sér inngangi af svalagangi á 2. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, forstofu, eldhús, stofu og borðstofu.

V. 64,9 m.

# RÍKIÐ VEITI EKKI FREKARA FJÁRMAGN Í MÚLALUND

Áætlað er að ríkið láti af fjárveitingum til Múlalundar, vinnustofu SÍBS, í óbreyttri mynd og ljóst að breytingar verða gerðar á rekstrinum.

Þeim 35 sem starfa í 15 stöðugildum á Múlalundi og eru með skerta starfsgetu verða fundin verða fundin ný störf á almennum vinnumarkaði. Sú vinna er hafin í gegnum úrræði Vinnuálastofnunar, atvinna með stuðningi.

Jafnt starfsfólk, aðstandendur og verkstjórar á Múlalundi hafa miklar áhyggjur af því sem koma skal, þegar starfsemi Múlalundar hættir í núverandi mynd. Sumt starfsfólk treystir sér ekki út á almennan vinnumarkað.

## Í öruggu umhverfi getur fólk blómstrað

Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, segir nokkurn aðdraganda að vendingunum. Á sínum tíma hafi ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkisins í verndaðri vinnu verið fellt út úr lögum um málefni fatlaðra. Segir hann fjárlagaliðinn, verndaða vinnu, ekki hafa verið í tengslum við raunveruleikann undanfarnin ár og ekki fylgt launa- eða verðlagsþróun.



MÚLALUNDUR Á REYKJALUNDI

„Við á Múlalundi erum þakklát fyrir að fyrirtæki hafa þannig gefið fjölmörgum einstaklingum tækifæri til að mæta til vinnu sinnar og finna að þau eru virkir samfélagsþegnar sem leggja sitt af mörkum.“

Vinnustaðurinn Múlalundur snýst ekki bara um verkefni heldur er ekki síður samfélag fólks á öllum skala fjölbreytleikans hvort sem um er að ræða fatlaða

eða ófatlaða. Í öruggu umhverfi getur fólk blómstrað og það hefur sýnt sig og sannað á Múlalundi.“

Sitt sýnist hverjum um þessar breytingar og starfsfólk margt uggandi en Múlalundur er staðsettur við Reykjalund í Mosfellsbæ. Þar verður áfram lögð áhersla á þjónustu við fólk með skerta starfsorku, en í breyttri mynd.

## Grétar Matthíasson á Blik Bistro sigraði með miklum yfirburðum annað árið í röð

# Íslandsmeistari í kokteilvergerð



### VOLVOINN

- » 1,5 cl Tanqurey Sevilla
- » 1,5 cl Elderflower líkjör
- » 1,5 cl Liquer 43
- » 6 cl heimagerit sitrus cordial
- » 7 cl freyðivín

Lokaviðburður Reykjavík Cocktail Weekend var haldinn í Gamla Bío á sunnudaginn, 7. apríl, með pomp og prakt.

Mikið fjölmenni tók þátt og dagskráin var æsispennandi og fjölbreytt. Spennan náði hámarki þegar úrslit hátíðarinnar voru kunnngjörð.

Haldinn var galakvöldverður sem skipulagður var af Barþjónaklúbbi Íslands og dagskráin var þétt. Boðið var upp á metnaðarfulla skemmtidagskrá.

### Sópaði að sér verðlaunum á lokakvöldinu

Keppt var til úrslita í Íslandsmeistaramóti barþjóna í hraðakeppni, en þar þurftu keppendur að reiða fram fimm mismunandi kokteila á undir sjö mínútum.

Grétar Matthíasson barþjónn bar sigur úr býtum og var því krýndur Íslandsmeistari annað árið í röð. Grétar fer því út fyrir Íslands hönd í október og keppir á heimsmeistaramótinu í Madeira í Portúgal.

Þetta voru ekki einu verðlaunin sem Grétar á Blik fékk en hann hreinlega fór á kostum og vann til sex verðlaun:

- Fagleg vinnubrögð í klassískri kokteilvergerð.
- Fallegasti kokteillinn í klassískri kokteilvergerð.
- Besti kokteillinn í klassískri kokteilvergerð.
- Besti árangur í þef- og bragðprófi.
- Besti árangur í hraðaprófi.

Og svo auðvitað Íslandsmeistari barþjóna í samanlögðu.

„Drykkurinn minn ber nafnið Volvoinn og er gerður til heiðurs nýlátnum föðurbróður mínum sem var einn af okkar bestu barþjónum á Íslandi“, segir Grétar Matthíasson.

Verðlaunadrykkur Grétars verður að sjálfsögðu í boði á Blik Bistro í Mosfellsbæ.



## Júlíus nýr formaður Hollvinasamtakanna

Nýlega fór fram aðalfundur Hollvinasamtaka Reykjalundar. Fundurinn heppnaðist mjög vel og var góður hugur í fundarmönnum. Tilgangur samtakanna er að styðja við þá endurhæfingarstarfsemi sem fram fer á vegum Reykjalundar. Júlíus Þór Jónsson var kjörinn nýr formaður en fráfarandi formaður, Bryndís Haraldsdóttir, gaf ekki kost á sér áfram. Haukur Fossberg Leósson var útnefndur heiðursvinur á fundinum ásamt Bryndísi en þau tvö hafa gegnt formennsku í Hollvinasamtökunum frá stofnun samtakanna fyrir 11 árum. Í stjórn Hollvinasamtakanna voru kjörin: Júlíus Þór Jónsson formaður, Sigurður Z. Sigurðsson, Halla M. Hallgrímsdóttir, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir og Örn Kjærnested. Til vara eru Magnús Már Leifsson og Ásgeir Ásgeirsson. Á mynd: Júlíus, Haukur og Bryndís.



## Úthlutað við Fossatungu og Langatanga

Í haust var ákveðið að auglýsa byggingarrétti tveggja einbýlishúsaloða við Fossatungu og fjögurra raðhúsaloða við Langatanga til úthlutunar. Tilboðin voru opnuð í desember en alls bárust 36 tilboð, 7 tilboð í lóðirnar við Fossatungu og 29 tilboð í lóðirnar við Langatanga. Úrvinnslu allra tilboða er nú lokið og hefur lóðunum verið úthlutað til eftirfarandi aðila: Fossatunga 28 til Bjarna Boga Gunnarssonar (18.150.000 kr.). Fossatunga 33 til Ástríks ehf., (15.276.000 kr.). Langatangi 27 til Luxor ehf., (45.000.000 kr.). Langitangi 29 til Luxor ehf., (40.000.000 kr.). Langitangi 31 til Luxor ehf., (40.000.000 kr.). Langitangi 33 til Luxor ehf. (35.000.000 kr.).

## KIRKJUSTARFIÐ



WWW.LAGAFELLSKIRKJA.IS

## HELGIHALD NÆSTU VIKNA

### Fermingar verða 13. og 14. apríl í kirkjunum okkar.

Við óskum fermingarungmönnum innilega til hamingju með fermingardaginn sinn og óskum þeim Guðs blessunar út í lífið.

### Sunnudagur 21. apríl

Kl. 20: Taize messa í Lágafellskirkju. Sr. Arndís Linn leiðir stundina.

### Sunnudagur 28. apríl

Kl. 11: Guðsþjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Henning Emil Magnússon þjónar. Vorboðar - kór eldri borgara í Mosfells-

bæ syngur. Kórstjóri: Hrönn Helgadóttir.

### Sunnudagur 5. maí

Kl. 11: Guðsþjónusta í Lágafellskirkju. Sr. Arna Grétardóttir þjónar.

### Kríasálmur - skráning hjá:

gudlaughelga(hjá)lagafellskirkja.is Tónlistarstundir fyrir börn á aldrinum 3-18 mánaða. Fjögur skipti frá 11. apríl til 9. maí kl. 10-12.

Úlfastundir - GLÆNYTT fjölskyldustarf í safnaðarheimilinu, Þverholti 3

(sjá auglýsingu). Fimmtudaga 7. mars til 2. maí kl. 17-19!

Rafræn fermingarskráning fyrir vorið 2025. Skráning hefst mánudaginn 22. apríl kl. 20 fyrir börn fædd 2011.

### Gaman saman

- samverur eldri borgara. Annan hvern fimmtudag kl. 14-16 í safnaðarheimilinu í samstarfi við FAMOS sem eru hina fimmtudagana á móti á Eirhömrum. 11. apríl: Ingi Þór Ágústsson - ný nálgun í þjónustu aldraðra í Mosfellsbæ.

# ÆVINTÝRALEGT TILBOÐSVERÐ

Jeep

1.600.000 kr.  
AFSLÁTTUR



## AUKAHLUTAPAKKAR

1. 35" Breyting
2. Dráttarbeisli, stigbretti og aurlífar

TILBOÐSVERÐ 12.990.000 KR. MEÐ VALI Á MILLI TVEGGJA AUKAHLUTAPAKKA

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

## JEEP® WRANGLER RUBICON 4XE

Það hefur aldrei verið hagkvæmara að efna heitin um fleiri ævintýri. Tryggðu þér goðsögnina Jeep Wrangler Rubicon 4xe Plug-In Hybrid, sem er hlaðinn öllum búnaði og gæddur einstakri drifgetu. Hannaður til þess að gera lífið skemmtilegra og taka þig, þína og allt dótið hvert sem hugurinn reikar.

4xe  
PLUG-IN HYBRID

# BESTA SÆTIÐ Í VINNUNNI



RAM



BESTI  
PALLBÍLLINN 2024  
SKV. CAR AND DRIVER



EIGUM TIL FJÖLBREYTT ÚRVAL RAM PALLBÍLA - LAUSIR TIL AFHENDINGAR

35", 37" OG 40" BREYTINGAPAKKAR Í BOÐI

## STARFSMAÐUR MÁNAÐARINS ENN Á NÝ

Vinnuþjarkurinn Ram 3500 hefur verið valinn besti pallbíllinn í sínum stærðarflokki (heavy duty) af hinu virta bílatímariti Car and Driver. Sannarlega vinnufélagi sem allir vilja fá til starfa. Eigum flestar gerðir Ram 3500 tilbúnar til afhendingar. Breytingapakkar og fjölmargar tækninýjungar í boði.

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • ISBAND.IS  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Tæplega 250 manns á Sögukvöldi • Menning í Mars

# Hersetin sveit sló rækilega í gegn

Það var margt um manninn í félagsheimilinu Hlégarði fimmtudaginn 21. mars þegar tæplega 250 gestir mættu á Sögukvöld.

Yfirskrift kvöldsins var Hersetin sveit og var umfjöllunarefnið hernámsárin og vera hermanna í Mosfellssveit. Sigurður Hreiðar Hreiðarsson og Leifur Reynisson sagnfræðingur fjölluðu um þessa miklu breytingatíma í íslensku samfélagi.

Bjarki Bjarnason rithöfundur stýrði umræðum og sýndar voru ljósmyndir frá hernámsárunum sem varðveittar eru í Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar.

Víða í sveitinni má sjá minjar um her-setuna, en tæplega 10.000 hermenn höfðu aðsetur í Mosfellssveit þegar mest var á árunum 1940-1944.

Á sögukvöldinu var fjallað um tildrög her-setunnar, samskipti hermanna og íbúa

sveitarinnar, aðbúnað og vistarverur hermannanna og ýmislegt fleira.

Tryggvi Blumenstein sýndi valda muni úr stríðsminjasafni sínu, en hann hefur um árabíl safnað munum frá seinni heimstyrjöldinni sem tengjast Íslandi.

Félagar úr Leikfélagi Mosfellssveitar brugðu á leik, þvottakonur teygðu þvott af miklum móð og dátár stigu léttan dans við uppáklæddar dömur.

Sigurjón Alexanderson gítaleikari og Jokka G. Birnudóttir söngkona fluttu ljúfa tóna og boðið var upp á kaffi í hléi.

Sögukvöldið var hluti af Menningu í mars, sem er verkefni á vegum menningar- og lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar sem hefur það að markmiði að efla menningarstarf í bænum, gera það sýnilegra og hjálpa þeim sem að því standa að kynna sig.



## KÓRSTJÓRI ÓSKAST

**Vorboðar, kór eldri borgara í Mosfellsbæ, auglýsir eftir kórstjóra sem tæki við stjórnun kórsins í haust.**

Kórinn æfir á mánudögum frá kl. 13.00 - 15.00 og tekur þátt í kóramóti ár hvert. Vorboðar taka virkan þátt í söngstarfi í Mosfellsbæ árið um kring og hafa jafnan sungið tónleika að vori.

Félagslíf kórsins er mjög virkt og farið er reglulega í ferðir innanlands eða utan.

Frekari upplýsingar og umsóknir sendist á netfangið [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)

## BYGGINGAFÉLAGIÐ BAKKI

# SKÍTAMÓRALL. & ÁMÓTI SÓL.



LAUGARDAGINN

27. APRÍL

Í HLÉGARÐI

MÍÐASALA Á TIX.IS

20 ÁRA  
ALDURS  
TAKMARK

KLUKKAN  
22:00  
-02:00

TUBORG  
LÉTTÖL



HLÉGARÐUR  
FÉLAGSHEIMILI





## Fjallahjólabraut í Ævintýragarðinn

Í undirbúningi er að leggja fjallahjólabraut í Ævintýragarðinum, að hluta til samsíða frísbíggjufbrautinni sem þar er nú. Framkvæmdir hefjast þegar frost er farið úr jörðu. Brautin verður hönnuð og lögð af Mosfellingnum Magne Kvam, en hann lagði einmitt gönguskíða-brautirnar í Blikastaðalandinu sem svo margir Mosfellingar nýttu sér í vetur. Frísbíggjar hyggja einnig á framkvæmdir í vor og sumar, en til stendur að hnika til nokkrum brautum og leggja heilsársteiga á allar brautir. Á myndinni má sjá Arnar Jónsson, sviðsstjóra menningar-, íþrótt- og lýðheilsamála hjá Mosfellsbæ, Þröst Þorgeirsson stjórnarmann í hjóladeild Aftureldingar og Magne Kvam, útvistarforfólfi. Unglingastarfið hefst hjá hjóladeildinni þriðjudaginn 23. apríl og verða æfingar kl. 17.30 á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar. Reynslumiklir þjálfarar sjá um unglíngastarfið en þeir eru Ingvar Ómarsson og Jóhann Eliasson. Skráning inn á sportablar/ablar eða sendið fyrirspurn inn á [olibraga@gmail.com](mailto:olibraga@gmail.com)



Áskorunin 100 Úlfarsfellstindar 2024 • Jóhanna fór á fellid í öllum veðrum og vindum

# Kláraði 100 ferðir 84 dögum

Mosfellingurinn Jóhanna Elísa Svendsen Engelhartsdóttir ákvað í byrjun árs að taka þátt í áskorun á Facebook þar sem fólk er hvatt til að fara 100 ferðir á Úlfarsfellið á árinu 2024.

Jóhanna gerði sér lítið fyrir og kláraði þessar 100 ferðir þann 24. mars. Þann dag fór hún sjö ferðir, hún var fyrst allra að klára

áskorunina og það á aðeins 84 dögum.

Þess má geta að nýverið voru 10 ár síðan hún vann keppnina Biggest loser á Íslandi.

Jóhanna er hvergi nærri hætt og segir að fjallgöngur séu það besta sem fólk geti gert fyrir sjálft sig.



ÍBÚAR Í BRÖTTUHLÍÐ MÓTMÆLTU ÞÉTTINGU BYGGÐAR Á SVÆÐINU

## Skipulagsbreytingum við Bröttuhlíð vísað til endurskoðunar

Tillögu að skipulagsbreytingum við Bröttuhlíð sem tekin var fyrir á fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 1. mars var vísað til gagnrærrar endurskoðunar og rýni innan stjórnarsýslu Mosfellsbæjar með nýjum áherslum frá nefndinni.

Á fundinum voru lögð fram drög að frekari umferðargreiningu sem byggðist

á athugasemdum sem komu fram á samráðsfundi með íbúum og hagaðilum við Bröttuhlíð og nágrenni. Skipulagsnefnd ákvað að falla frá fyrirbyggjandi tillögu og fól skipulagsfulltrúa að vinna nýja tillögu þar sem áhrif uppbyggingar á nærliggjandi svæði útfra núverandi byggðarmynstri við Bröttuhlíð verða höfð til hlíðsjónar.

## ELDRI BORGARAR • ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐIN EIRHÖMRUM • FRAM UNÐAN Í STARFINU



### FRÆDSLUNEFND FAMOS

Fræðslufundur verður haldinn í Hlégarði 24. apríl nk. klukkan 17:00. Frummælendur á fundinum eru: Jón Snædal öldrunarlæknir ræðir um heilabilun sem hægt er að koma í veg fyrir, Guðmundur Gaukur Vigfússon, næringarfræðingur ræðir um mikilvægi næringar og Jórunn Edda Hafsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur og sviðsstjóri hjá Heilsugæslu Mosfellsbæjar kynnir heilsuvernd aldraðra. Fundurinn er öllum opin. Léttar veitingar.


### Hefur þú áhuga á blómstursaum?

Þá verður Guðbjörg leiðbeinandi í handavinnu með það alla miðvikudaga frá kl. 13:00, Hlaðhömrum 2. Endilega komdu og vertu með okkur að sauma.



### BINGÓ

Miðvikudaginn 17. apríl kl. 13:30. Bingó í borðsal Hlaðhamra 2. Aðgangseyrir er 500 krónur spjaldið. Hlökkum til að sjá þig.



### LÍNUDANS

Línudans dansaður alla þriðjudaga kl. 14:00 í Hlégarði. Kennari Inga og kostar tíminn 500 krónur. Verið velkomin.

### Opið hús/menningarkvöld

í Hlégarði mánudaginn 15. apríl klukkan 20:00. Þar mun Álafoskórinn undir stjórn Örlygs Atla Guðmundssonar flytja erlend dægurlög og sígildar íslenskar perlar. Hugsum í tali og tónum til Úkraínu og svifum á vængjum söngsins til Vínar. Kaffi-

nefndin verður með sitt rómaða kaffihlaðborð að venju. Aðgangseyrir er kr. 2.000 (posi verður á staðnum). Með kveðju Menningar- og skemmtinefnd FaMos



### Hittumst í Hlégarði

Alla þriðjudaga 13-15. Minnum á að við erum alla þriðjudaga í Hlégarði að spila spil, billjard, tefla, þrjóna, fönndra, vefa, ræða málin og alls konar fleira. Allir velkomnir og alltaf heitt á könnunni og kaffi með. Njótum þess að hitta skemmtilegt fólk.



**Skrifstofa félagsstarfsins** er opin alla virka daga kl. 13-16. Sími félagsstarfsins er 586-8014. Forstöðumaður félagsstarfs eldri borgara í Mosfellsbæ er Elva Björg Pálsdóttir tómstunda- og félagsmálafræðingur, s: 698-0090.

**Skrifstofa FaMos** á Eirhömrum er opin alla fimmtudaga frá kl. 15-16.



**FÉLAG ALDRAÐRA** í Mosfellsbæ og nágrenni [famos@famos.is](mailto:famos@famos.is) [www.famos.is](http://www.famos.is)

### STJÓRN FAMOS

**Jónas Sigurðsson** formaður s. 666 1040 [jonass@islandia.is](mailto:jonass@islandia.is)

**Jóhanna B. Magnúsdóttir** varaformaður s. 899 0378 [hanna@smart.is](mailto:hanna@smart.is)

**Þorsteinn Birgisson** gjaldkeri s. 898 8578 [thorsteinn.birgis@gmail.com](mailto:thorsteinn.birgis@gmail.com)

**Guðrún K. Hafsteinsdóttir** ritari s. 892 9112 [gunnasjana@simnet.is](mailto:gunnasjana@simnet.is)

**Ólafur Guðmundsson** meðstjórnandi s. 868 2566 [polarafi@gmail.com](mailto:polarafi@gmail.com)

**Ingibjörg G. Guðmundsdóttir** varamaður s. 894 5677 [igg@simnet.is](mailto:igg@simnet.is)

**Hrund Hjaltadóttir** varamaður s. 663 5675 [hrundhj@simnet.is](mailto:hrundhj@simnet.is)





**ÞAÐ ER KOMIÐ AFTUR**

 **50%**   
**COMBO**





## Sumri fagnað með uppstandi og balli

Hörku dagskrá verður í félagsheimilinu Hlégarði í kringum sumardaginn fyrsta. Daginn fyrir, miðvikudaginn 24. apríl, mætir uppstandið Þúðursykur með skothelda hláturskemmtun. Einvallalið grínista en þar koma fram þeir Björn Bragi, Dóri DNA, Emmsjé Gauti, Jóhann Alfred og Jón Jónsson.

Laugardagskvöldið 27. apríl er svo sveitaball í Hlégarði. Hljómsveitirnar Á móti sól og Skítamórali leiða saman hesta sína og spila frá kl. 22 til 02. Sveitirnar hafa tekið þátt í svokölluðum Aldamótatónleikum að undanfögnu þar sem gestir hverfa aftur til síðustu aldamóta og upplifa skemmtilega nostalgíu. Nú er komið að alvöru balli. Hlégarður var á árum áður þekktur fyrir sveitaböll enda lengi vel eitt stærsta samkomuhús á Stór-Reykjavíkarsvæðinu og í dag eitt af fáum félagsheimilum á svæðinu. Miðasala á viðburðina fer fram á Tix.is.



## Breyting á póstnúmeraskrá í Kjós

Bygðastofnun hefur tekið ákvörðun um breytingu á póstnúmeraskrá þannig að póstnúmerið 276 verði eftirléiðis ritað 276 Kjós í stað 276 Mosfellsbær. Á heimasíðu Kjósarhrepps er þessum málalokum fagnað undir fyrirsögninni „Til hamingju Kjósverjar.“ Það sé óhætt að segja að máltækið dropinn holar steininn eigi við í þessari löngu baráttu. Rök Kjósarhrepps voru þau að heiti póstnúmersins væri að valda misskilningi og yrði til þess að alls kyns sendingar kæmst ekki til skila til viðtakenda í Kjósinni. Íslandsþóstur lagðist lengi gegn breytingunni en loks tók hún gildi um síðustu mánaðamót.



EDDA, LALLI OG LEIFUR Í BÓLINU Á ÁRUM ÁÐUR



ÓFA BÖLLIN HAFNA VERIÐ HALDIN Á VEGUM FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR

Þriggja daga veisla í Hlégarði • Opið hús og afmælisveisla föstudaginn 12. apríl

# Afmælisfögnuður í tilefni 40 ára afmæli Bólsins

Félagsmiðstöðin Bólið fagnar 40 ára afmæli sínu með þriggja daga afmælisfögnuði í Hlégarði dagana 10.-12. apríl.

Félagsmiðstöðin Bólið býður upp á uppbyggilegt félagsstarf fyrir 10 til 16 ára börn og ungmenni. Í Bólinu er fjölbreytt og lifandi starfsemi sem er skipulögð að miklu leyti í samráði við unglingana.

Félagsmiðstöðin Bólið var fyrst opnuð um áramótin '83-'84 og fagnar því á þessu ári 40 ára afmæli.

Fyrst hafði félagsmiðstöðin aðsetur í gömlu símtöðinni, síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar.

Í dag hefur félagsmiðstöðin aðsetur á þremur stöðum, á lóðinni við Lágafellsskóla, inni í Helgafellsskóla og við Skólabraut í svokölluðum Læknisbústað. Þar á neðri hæðinni er tónlistarastaða og hljóðver í boði fyrir ungmenni 13-25 ára og ber nafnið Kjallarinn.

Í dag starfa í Bólinu 17 starfsmenn og fer

þar fram mikið og öflugt starf alla daga og öll kvöld vikunnar.

Böll verða haldin í Hlégarði á miðvikudags- og fimmtudagskvöld fyrir 5.-10. bekkina.

Föstudaginn 12. apríl er svo almenningi boðið í veislu í Hlégarði kl. 17:00.

Bólráð sér um veislustjórn og bærstjóri Mosfellsbæjar mun ávarpa samkomuna.

Þar munu ungir listamenn koma fram og boðið verður upp á veitingar og spjall.



LEIKMENN HVÍTA RIDDARANS

Nafn hljómsveitarinnar mun prýða búninga liðsins

## Hvíti Riddarinn í samstarf við Gildruna

Knattspyrnufélagið Hvíti Riddarinn hefur gert samstarfssamning við mosfellsku hljómsveitina Gildruna. Hljómsveitin var útnefnd bæjarlistamaður árið 2023 en hún var stofnuð fyrir nærri 40 árum.

Sveitin er skipuð þeim Birgi Haraldssyni, Þórhalli Árnasyni, Karli Tómassyni og Sigurgeiri Sigmundssyni.

Gildran hefur verið iðin í að styrkja íþróttastarfið í Mosfellsbæ í gengum tíðina og veitti Aftureldingu veglega peningagjöf vegna fyrsta gervigrasvallarins í Mosfellsbæ á sínum tíma.

Þá sömdu þeir meðal annars „Aftureldingarlagið“ fyrir þónokkrum árum. Gildran þakkaði fyrir sig á dögnum með því að setja í loftið lagið „Veturinn verður hlýr“ sem er endurútgáfa á lagi sem kom út á



HLJÓMSVEITIN GILDRAN

safnplötu fyrir 20 árum.

Nafn Gildrunnar mun prýða búninga Hvíta Riddarans næstu tvö árin. Þess má til gamans geta að merki hljómsveitarinnar Kaleo prýðir keppnistreyjur meistaraflokka Aftureldingar í knattspyrnu og GDRN er á æfingafatnaði meistaraflokks kvenna.

VEGLEG  
VERÐLAUN  
Í BOÐI

ULLIN & JÖKLA

Taktu þátt!  
HÖNNUNARSAMKEPPNI



## Taktu þátt í HÖNNUNAR SAMKEPPNI JÖKLU



**ULLIN & JÖKLA** er yfyrskrift hönnunarsamkeppni sem Jöklavin ehf. í samvinnu við Ístex hf., íslenskan textíliðnað, í Mosfellsbæ. Hanna á peysu úr íslenskri ull með merki eða hönnun Jökla rjómalíkjörs sem vitnar í hina margrómuðu og ísköldu Jöklu sem streymir niður árfarveginn til hafsins.

Markmið keppinnar er að styðja íslenskan þrjónaiðnað, listiðnað, hönnun og frumleika fyrir íslensku ullina sem og nýsköpun fyrir íslenskan landbúnað.

Fagleg dómnefnd velur best hönnuðu peysurnar. Þrjár verða valdar í vinningssæti og einnig verður frumlegasta peysan verðlaunuð. Vegleg verðlaun eru í boði og öllum er heimil þátttaka.

Úrslitakvöldið verður haldið í Félagsheimili Mosfellinga í Hlégarði í Mosfellsbæ þann 31. maí.

### 1 SÆTI – BEST HANNADA JÖKLA PEYSAN

- 150.000 kr.
- Lambaveisla frá Íslenskt lambakjöt að andvirði 30.000 kr.
- Værðarvoð frá Ístex
- Vörugjafir frá Mjólkursamsölunni

### 2 SÆTI – BEST HANNADA JÖKLA PEYSAN

- 80.000 kr.
- Værðarvoð frá Ístex
- Vörugjafir frá Mjólkursamsölunni

### 3 SÆTI – BEST HANNADA JÖKLA PEYSAN

- 40.000 kr.
- Værðarvoð frá Ístex
- Vörugjafir frá Mjólkursamsölunni

### FRUMLEGASTA JÖKLA PEYSAN

- 100.000 kr.
- Lambaveisla frá Íslenskt lambakjöt að andvirði 30.000 kr.
- Værðarvoð frá Ístex
- Vörugjafir frá Mjólkursamsölunni

### INNSENDINGAR

Skila skal fullkláraðum peysum inn fyrir 29. maí til:  
Ístex hf - Íslenskur textíliðnaður  
v. Ullin & Jökla, hönnunarsamkeppni Jökla rjómalíkjörs  
Völuteigur 6, 270 Mosfellsbæ.

Peysur skulu berast nafnlausar en merktar með einkunnarorði/dulnefni eða númeri og þeim skal fylgja umslag sem inniheldur nafn, símanúmer og tölvupóstfang þátttakanda. Umslagið skal merkt sama einkunnarorði eða númeri.

Fylgstu með | [jokla.com/ullin](http://jokla.com/ullin) | [f](https://www.facebook.com/joklarjomalikjor) [i](https://www.instagram.com/joklarjomalikjor) /joklarjomalikjor

**JÖKLA**



# 28. apríl - Stóri Plokkdagurinn

Með þátttöku í Stóra plokkdeginum vill Mosfellsbær taka virkan þátt í þessu metnaðarfulla umhverfisátaki sem fer fram undir merkjum félagsskaparins Plokk á Íslandi.

Mosfellsbær hvetur íbúa og starfsfólk fyrirtækja í Mosfellsbæ til að taka virkan þátt í deginum og að plokka rusl í sínum hverfum og á opnum svæðum.



Íbúar geta nálgast ruslapoka fyrir plokkid fyrir framan Bókasafn Mosfellsbæjar í Kjarna og í anddyri íþróttamiðstöðvanna að Varmá og Lágafelli frá miðvikudeginum 24. apríl. Einnig er hægt að fá ruslatínur að láni á bókasafninu með bókasafnskorti í allt að tvær vikur.

Eftir Stóra plokkdaginn mun starfsfólk þjónustustöðvar keyra um og sækja rusl en mikilvægt er að setja ruslapokana á sýnilega staði.

**Mosfellsbær hvetur plokpara til að nota hanska og gæta fyllsta öryggis við umferðaræðar.**

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700

**DÚOS**

HÁDEGISTILBOÐ

LOKA OG GOS AÐ EIGIN VALI

**1.850**

Gildir frá kl. 10-14

**nonni litli**

Pverholti 8 270 Mosfellsbæ  
Sími 566 6614 Fax 566 6617  
nonnilitli@nonnilitli.is www.nonnilitli.is

**SUMARSTARF**

Starfsfólk óskast í sumarflæysingar í matvælavinnslu í Mosfellsbæ.

Frekari uppl. í s. 897-3236 eða [raggi@nonnilitli.is](mailto:raggi@nonnilitli.is)

**Laus störf í Mosfellsbæ**

Öll laus störf hjá Mosfellsbæ og stofnunum má sjá og sækja um á ráðningarvef bæjarins: [www.mos.is/storf](http://www.mos.is/storf)

Mosfellsbær [www.mos.is](http://www.mos.is) 525 6700

STÓRTÓNLEIKAR Í ELDBORG HÖRPU 26. MAÍ

# HAUKUR MORTHEUS 100 ÁRA



JÓGVAN  
HANSEN

VALDIMAR  
GUÐMUNDSSON

BOGOMIL  
FONT

UNNUR BIRNA  
BJÖRNSDÓTTIR

HLJÓMSVEIT UNDIR STJÓRN KARLS OLGEIRSSONAR

SÉRSTAKIR GESTIR:

KARLAKÓR KJALNESINGA



HARPA

MÍÐASALA Á HARPA.IS  
OG Í SÍMA 528 5050



# ÁRSHÁTÍÐ STARFSMANNA

# MOSFELLSBÆJAR



Árshátíð Mosfellsbæjar fór fram í íþróttahúsinu að Varmá laugardaginn 9. mars. Glæsilega skreyttur salur með ljúffengum mat og flottum tónlistaratriðum. Metþáttaka var á árshátíðinni sem nú var færð heim í hérað.




# DÚOS

**FJÖLSKYLDUTILBOÐ**

**2 STÓRAR LOKUR OG TVÆR LITLAR LOKUR 5.950**





Myndir/Anna Kristín

# SUMMARÞAÐGURIN

## FYRSTI

Í MOSFELLSBÆ  
25. APRÍL 2024



13:00

Skátafélagið Mosverjar leiða skrúðgöngu frá miðbæjartorgi að Varmá.

13:30

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti skrúðgöngunni við Varmá.

13:30-  
16:00

Kassaklifur, skátatívolí, leiktæki og hoppukastalar, vöflur og pylsugrill.



ADAM, GUNNAR DARRI, ORRI, SVANA MARIE,  
SARA FANNEY, ANNA BRYNDÍS, EMBLA MAREN,  
ÓLAFUR HAUKUR, SARA MARÍA OG HÁKON

14 nemendur úr Mosfellsbæ fengu viðurkenningu

## Í verðlaunasætum í stærðfræðikeppni grunnskólanna

Hópur nemenda úr Kvíslarskóla og Lágafellsskóla tók þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna sem haldin var í Borgarholtsskóla á dögnum.

Þátttakendur voru frá skólum í Breiðholti, Grafarholti, Grafarvogi, Árbæ, Kjalarnesi og Mosfellsbæ. Úrslit voru tilkynnt 5. mars og enduðu samanlagt 14 nemendur


úr Kvíslarskóla og Lágafellsskóla í verðlaunasætum.

Úr Kvíslarskóla voru það Einar Logi, Sverrir, Lea og Steinar og úr Lágafellsskóla Adam, Gunnar Darri, Siguður Orri, Svana Marie, Sara Fanney, Anna Bryndís, Embla Maren, Ólafur Haukur, Sara María og Hákon.



EINAR LOGI, SVERRIR, LEA OG STEINAR

## Deiliskipulag Seldals við Selmerkurveg í landi Miðdals



Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Seldal

Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir uppskiptingu um 3,25 ha lands (L125331) í sex nýjar frístundahúsalóðir ásamt sameignarsvæði. Svæðið er ódeiliskipulagt og í nálægð við deiliskipulagða frístundabyggð úr landi Miðdals. Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Miðað er við eitt hús á lóð með eða án gestahúss eða geymslu, samtals allt að 130 m<sup>2</sup>.

Hægt er að kynna sér tillöguna á vef Mosfellsbæjar á slóðinni [mos.is/skipulagsauglysingar](http://mos.is/skipulagsauglysingar) og á vef Skipulagsstofnunar á slóðinni [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is) – mál nr. 400/2024.

**Athugasemdir skulu berast með rafrænum hætti í gegnum skipulagsgáttina. Athugasemdafrestur er til og með 27. maí 2024.**

Mosfellsbær [www.mos.is](http://www.mos.is) 525 6700

### HÁSKÓLABÍÓ 20. APRÍL

HEIÐURSTÓNLEIKAR  
**ADELE**

ELÍSABET ORMSLEV & STEFANÍA SVAVARSS

HLJÓMSVEIT UNDIR STJÓRN HELGA REYNIS JÓNSSONAR





Domino's Classic

Fjögurra osta pizza




# TRÍÓ MÁNADARINS

**AÐEINS 2.390 KR.**

Í apríl færðu stóra Domino's Classic, Fjögurra osta pizzu eða Sweet & Spicy á aðeins 2.390 kr. ef þú pantar í appinu eða á vefnum, greiðir fyrirfram og sækir í Háholtið. Pantaðu núna!



Sweet & Spicy



# Hollvinir Reykjalundar komu færandi hendi

## Göngugrindur sérstaklega ætlaðar fólki í yfirþyngd

Á aðalfundi Hollvinasamtaka Reykjalundar sem fram fór nýlega, afhentu samtökin Reykjalundi mikilvægar gjafir.

Um er að ræða göngugrindur sem notaðar verða á sólarhringsdeildinni Miðgarði, en grindurnar eru sérstaklega ætlaðar fyrir fólk í yfirþyngd.

Mikil þörf hefur verið á slíkum grindum. Þær léttu bæði sjúklingum og starfsfólki daglegt líf og auka lífsgæði sjúklunga sem þurfa að dvelja á Reykjalundi allan sólarhringinn.

Gjöfin er að verðmæti tæplega 800 þúsund krónur. Á myndinni má sjá nokkra Hollvini Reykjalundar ásamt fulltrúum starfsfólks við afhendingu gjafarinnar.



AFHENDING Á AÐALFUNDI



GLÆSILEG Á SVIÐINU

## Góður árangur í danskeppni í Cambridge á Englandi

# Danssporið á sigurbraut

Danssporið í Mosfellsbæ tók þátt í danskeppninni Supreme helgina 6.-7. apríl.

Í keppnishópnum eru átta dansarar á aldrinum 6-11 ára (Aurora, Brimrún Bára, Eyvör Ósk, Freydís Arna, Kristmundur Örn, María Björk, Mariella Margrét og Ragnhildur Þórunn) og kepptu þau með sjö dansa.

Mini Trio-ið "Ring In The Season" sem Kristmundur, María og Mariella dansa lenti í 3. sæti.

Mini Duet-inn "Beautiful Thing" sem Eyvör og Ragnhildur dansa lenti í 3. sæti.


Solo dansinn "Control" sem Aurora dansar lenti í 2. sæti.

Kristmundur fékk sérstök dómaraverðlaun þar sem hann var stjarna keppinnar.

Einnig tóku þau þátt í Dance World Cup undankeppninni sem fór fram í Borgarleikhúsinu þann 20. febrúar. Þar komust þau áfram með öll atriðin sín og fékk Mini Trio bronz verðlaun. Þau eru því á leiðinni á heimsmeistaramótið í Prag í sumar.



FLOTTUR HÓPUR



## Að breyta heiminum

Ævintýraleg saga um að finna eigið hugrekki - og í leiðinni jafnvel tilganginn með öllu saman.

„Skemmtilega öðruvísi bók.“

Rebekka Sif – Lestrarklefinn



Ingibjörg Valsdóttir lauk MA-prófi í hagnýtri ritgjöfn og útgáfu frá Háskóla Íslands. Ingibjörg er gefin fyrir lestur, spjall og almenn notalegheit. Hentar uppáhaldsleita er að skrifa og ljúða.

**B**  
bókabeitan



**ALLT**  
FASTEIGNASALA

Sérsmíðin þjónusta til byggingaraðila

ALLT.IS - ALLT@ALLT.IS - 5605505



# Karlakór Kjalnesinga

MEÐ STEBBA HILMARS

*Slá i gegn*

VORTÓNLEIKAR Í LANGHOLTSKIRKJU

fimmtudaginn 18. apríl kl. 20 og laugardaginn 20. apríl kl. 16




Miðasala við inngang, hjá kórmönnum eða gjaldkeri@karlakor.is - Miðaverð 5.900 kr.

# Bólið 40 ÁRA

**Félagsmiðstöðin Bólið fagnar 40 ára afmæli með þriggja daga afmælisfögnuði í Hlégarði.**


Félagsmiðstöðin Bólið var fyrst opnuð um áramótin 1983-84 og fagnar því á þessu ári 40 ára afmæli. Fyrst hafði félagsmiðstöðin aðsetur í gömlu símstöðinni, síðan hefur margt vatn runnið til sjávar. Í dag hefur félagsmiðstöðin aðsetur á 3 stöðum. Á lóðinni við Lágafellsskóli, inni í Helgafellsskóla og við Skólabraut í svo kallaða gamla Læknabústaðnum. Þar á neðri hæðinni er tónlistaraðstaða/hljóðver sú aðstaða er í boði fyrir ungmenni (13-25 ára) í Mosfellsbæ og ber nafnið Kjallarinn.

Í dag starfa í Bólinu 17 starfsmenn, þar fer fram mikið öflugt starf alla daga og öll kvöld vikunnar.



*Símstöðvarhúsið þar sem Bólið hafði aðsetur fyrst þegar það var stofnað. Nú í dag starfar Bólið í gamla Læknabústaðinn.*

## 1983/84 - 2024





# AFMÆLISDAGSKRÁ BÓLSINS

Í Hlégarði

**10. apríl**

Vinaball fyrir 8. - 10. bekk.  
Dj. karítas & Ízleifur

**11. apríl**

5. - 7. bekkjaball

**12. apríl**

Afmælisfögnuður Bólsins.

Húsið opnar 16:30  
& dagskrá hefst 17:00.

Ungir mosfellskir listamenn.  
Bólráð sér um veislustjórn.  
Léttar veitingar & spjall.

Öll velkomin!



## Listasalur Mosfellsbæjar Gróðurhula í Listasalnum

Þann 16. mars opnaði Þórunn Bára Björnsdóttir sýninguna Gróðurhula í Listasal Mosfellsbæjar. Þórunn Bára beinir athyglinni að náttúrunni með áherslu á landnám lífs í Surtsey.

Hún nýtir myndmálið til þess að stuðla að skilningi á þróun lífs og vekja athygli á gildi ósnortinnar náttúru Íslands. Sýningin stendur til og með 12. apríl.



Listasalur Mosfellsbæjar  
Þverholt 2  
270 Mosfellsbær



# Hanna Dís Whitehead Eiginleikar

# Attributes

20.04. – 17.05.

## BREYTINGASKEIÐIÐ Á MANNAMÁLI

í Bókasafni Mosfellsbæjar  
18. apríl kl. 16:30

Halldóra Skúladóttir, breytingaskeiðsráðgjafi og markþjálfari mun heimsækja safnið og fræða okkur um þetta óumflýjanlega skeið sem allar konur ganga í gegnum á einn eða annan hátt.

Breytingaskeiðið er meira en bara hitakóf og píringur, sumar konur finna fyrir lífshamlandi einkennum sem geta ógnað framtíðarheilsu og atvinnuöryggi. Markmiðið er að fræða fólk, uppræta fordóma og útrýma tabúinu!



# Sögunstund

í Bókasafni Mosfellsbæjar


Þriðjudaginn 16. apríl kl. 16:45



Sjóræningjarnir eru að koma! Fljótt! Allir í felur! Í sögunstund aprilmánaðar lesum við saman bókinu Sjóræningjarnir eru að koma! eftir John Condon og Matt Hunt.

Ási stendur vörð og fylgist með skipaferðum sjóræningja. En skipin reynast ekki vera sjóræningjaskip og allir í bænum eru hættir að trúa viðvörunum hans. Hvað gerist þá þegar sjóræningjarnir loksins koma?

Öll velkomin!



# Gatna- og stígahreinsun í Mosfellsbæ



Nú stendur til að þvo og sópa gangstéttir og götur bæjarins. Til að það verði sem best gert þurfum við á ykkar aðstoð að halda.

Bæjarbúar eru vinsamlegast beðnir að leggja ekki ökutækjum eða öðrum farartækjum á götunum eða gangstéttum meðan á hreinsun stendur.

Enn fremur eru bæjarbúar hvattir til að hreinsa í kringum híbyli sín og fá aðstoð starfsmanna þjónustumiðstöðvar í síma 525 6700 til að fjarlægja bílhæ og stærri hluti.

Eftirtalda daga verða gatnahreinsunarmenn að störfum í hverfunum. Þá verða gangstéttir og götur þvegnar og sópaðar:

- 15. apríl - Reykja og Krikahverfi
- 16. og 17. apríl - Teiga- og Helgafellshverfi
- 18. apríl - Holtahverfi
- 19. apríl - Tangahverfi
- 22. apríl - Hlíða- og Hlíðartúnshverfi
- 23. apríl - Höfðahverfi
- 24. apríl - Leirvogstunguhverfi

GLEÐILEGT SUMAR!

Þjónustustöð Mosfellsbæjar

Mosfellsbær

[www.mos.is](http://www.mos.is)

525 6700



## Vortónleikar Mosfellskórsins

**SUNNUDAGINN 5. MAÍ  
KL. 20:00 Í HLÉGARÐI**

Kórsöngur með undirspili hljómsveitar.

Einsöngur: Ingibjörg Hólm Einarsdóttir

Kórstjóri: Vilberg Viggósson

Í hléi verður boðið upp á kaffi og kleinur.  
Miðaverð: 3.500 kr, miðasala við innganginn

## ÚLFASTUNDIR

Fimmtudaga 7. mars til 2. maí milli kl. 17 - 19

psss...  
ég er úlfur í  
REBBA  
gæru...



GLÆNYTT fjölskyldustarf safnaðarheimili Lágfellssóknar, Þverholti 3 Opið safnaðarheimili, sunnudagaskóli & foreldramorgnarnar fyrir barnafjölskyldur Lagt verður upp með afslappaðri stemningu í bland við fræðslu, söng, leikjum fyrir bæði börn & fullorðna Matur í boði í lok stundar svo að enginn þarf að elda þegar heim er komið!

Dagskrá & skráning í mat hér



 [lagafellskirkja.is](http://lagafellskirkja.is) 

# Ég hef svo gaman af þessu öllu

**G**rínistann og skemmtikraftinn Jóhann Alfreð Kristinsson þarf vart að kynna enda löngu orðinn landsþekktur fyrir sín störf. Hann hefur starfað með uppistandshópnum Mið-Ísland um áratugaskeið, komið að dagskrárgerð, handritaskrifum og leiklist en undanfarin ár hefur hann starfað á Rás 2 auk þess að sinna dómarahlutverki í Gettu betur spurningakeppni framhaldsskólanna.

Jóhann hefur einnig verið að taka að sér uppistand við hin ýmsu tilefni ásamt því að vera kynnrir og veislustjóri á fjölmörgum viðburðum.

Jóhann Alfreð fæddist í Reykjavík 11. febrúar 1985. Foreldrar hans eru Elín Símonardóttir og Kristinn Halldór Alfreðsson framreiðslumaður.

Jóhann á fjögur hálf systkini, Áslaugu Rut f. 1978, Margréti f. 1981, Svein Ómar f. 1982 og Ingólf Bjarna f. 1988 en hann lést árið 2017.

## Missti varla af leik

„Ég ólst upp í Þingholtunum í 101 Reykjavík og æskuminningar mínar tengjast mikið alls kyns flækingi og bralli um miðbæinn. Ég var forfallinn íþróttar- og kvikmyndafíkill sem barn og hékk mikið í íþróttahúsi Vals þar sem maður á tímabili missti varla af leik.

Ég er af videoleigukynslóðinni og því fylgdi mikið hangs í videoleigunum eins og tíðkaðist á þeim árum, ein gömul og ein ný. Maður var í endalausum rökræðum við afgreiðslumanninn og aðra fastagesti hvaða mynd maður ætti að taka, sem maður horfði svo kannski aldrei á,“ segir Jóhann og brosir.

## Sat heillaður yfir tækninni

„Borgarbókasafnið í Þingholtsstræti var eins og félagsmiðstöð fyrir okkur krakkana og þar gat maður týnt sér dögum saman. Það var mikil bylting þegar tölva mætti á svæðið þar sem hægt var að leita eftir titlum. Við tepptum gjörsamlega þessa tölvu og maður sat þarna heillaður yfir tækninni og leitaði eftir öllum ævintýrabókunum.

Í grenndinni voru líka ágæt svæði eins og Hallargarðurinn og Hjómuskálagarðurinn sem við höfðum gaman af að týna okkur í, svo var auðvitað flakkað á milli húsa til vina og kunningja.“

## Fengu heitan mat í hádeginu

„Ég gekk í Miðskólann sem var grunnskóli á miðstigi í gamla Miðbæjarskólanum. Það var um margt einstakur skóli, hann var framsækinn því það var alltaf verið að gera einhverjar tilraunir á skólastarfinu sem þekktust ekki þá en flestir þekkja í dag. Við fengum til dæmis fyrst skólabarna í Reykjavík heitan mat í hádeginu.



Fjölskyldan í París 2023. Benedikt Elí, Jóhann Alfreð, Ellý og Valdis.



Eftir Ruth Örnólfsdóttur  
**MOSFELLINGURIN**  
ruth@mosfellingur.is

Á sumrin var maður í þessu hefðbundna bralli en ég var líka duglegur að sækja sumarþúðir, fór árlega í Vatnaskóg en frændi minn og uppeldisbróðir var foringi þar. Ég var farinn að vinna þar á táningsaldri. Ég fór líka norður í land í sumarþúðirnar Ás-tjörn, rétt við Ásbyrgi í Kelduhverfi sem er alveg einstaklega fallegur staður.

Bróðir þabba rak veitingasöluna og lúgusjoppuna við BSÍ í Vatnsmýrinni, ég var farinn að ganga vaktir þar strax sumarið eftir gaggó. Um haustið hóf ég svo nám í Menntaskólanum í Reykjavík.

Eftir útskrift úr MR lá leið mín í Háskóla Íslands í lögfræði sem maður fer í þegar maður er kannski ekki alveg viss með framtíðarþlönin,“ segir Jóí og glottir. „Mér féll námið vel, kláraði meistarafráðuna en hef ekki starfað sem lögfræðingur, einhvern veginn togaðist maður í aðrar áttir.“

## Kíkja reglulega á bókasafnið

Unnusta Jóhanns Alfreðs er Valdis Magnúsdóttir hagfræðingur og endurskoðandi, hún starfar hjá Íslensku útflutningsmiðstöðinni. Þau eiga tvö börn, Benedikt Elí f. 2017 og Ellý f. 2021.

„Við fjölskyldan erum dugleg að fara í göngutúra og sækja leikvelli í nágrenninu en við búum í Leirvogstungunni,“ segir Jóhann. „Við kíkjum líka reglulega á bókasafnið hér í bænum sem er mjög skemmtilegt og eins skreppum við til höfuðborgarinnar og fáum okkur bita í miðbæ Reykjavíkur og endum jafnvel daginn á að fara í sund.

Ferðalög hér heima og erlendis eru alltaf ofarlega á baugi hjá okkur eða þegar tækifærin gefast. Við fjölskyldan erum til að mynda spennt fyrir komandi sumri því við erum búin að ganga frá húsaskiptum við fjölskyldu í Atlanta. Ég er í svona andlegum undirbúningi fyrir ferðina því það getur orðið ansi heitt þarna í Suðurríkjunum.“

## Á kafi í handritaskrifum

Jóhann Alfreð hefur unnið ýmis störf í gegnum tíðina, afgreiðslustörf, auglýsingasölu, hjá Amnesty á Íslandi, fyrir kvikmyndahátíðina RIFF í nokkur ár og við ýmis verkefni tengd auglýsingum, skrifum og leiklist. Undanfarin ár hefur hann starfað hjá RÚV við dagskrárgerð og í kynningarmálum. Jóhann hefur einnig starfað sjálfstætt sem skemmtikraftur og uppistandari um árabíl. Hann er þaulvanur veislustjóri og kynnrir og hefur starfað sem slíkur á fjölmörgum viðburðum síðustu ár.

„Áhugamál mín tengjast mörg vinnunni minni, ég er á kafi í þáttagerð og handritaskrifum þessa dagana og sökkvi mér í ýmislegt sjónvarpsefni og kvikmyndir því tengdu. Ég er svolítið nörd, hef gaman af öllu grúski og svo er ég annálaður íþróttafíkill eins og komið hefur fram, það er varla til sú íþrótt sem ég hef ekki stúderað.“

» **Ég er af videoleigukynslóðinni og því fylgdi mikið hangs í videoleigunum eins og tíðkaðist á þeim árum, ein gömul og ein ný.**

## Við slógum báðir til

Ég spyr Jóhann hvernig uppistandið hafi komið til? „Það kom nú óvænt inn í líf mitt, þannig var að Bergur Ebbsi, sem síðar varð kollegi minn í Mið-Íslandi, hafði samband við mig og Ara Eldjárn. Hann hafði prufað að standa fyrir uppistandskvöldi með Dóra DNA og vildi stækka næsta kvöld. Við Ari höfðum verið að leika okkur að gera sketsa og bralla eitthvað grínefni sem að mestu var ofan í skúffu en við slógum báðir til.

## HIN HLIÐIN

**Fallegasta borg í heimi?** Þær eru margar fallegar en ætli París eigi ekki vinninginn.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?** Ég er lánsamur að því leytinu til að mér finnst vinnan mín vera mjög skemmtileg, án undanbragða. Að ferðast er líka ofarlega á lista.

**Hvaða hlutur er þér kærastur?** Golfsettið mitt er mér kærast þessi misserin.

**Hvað hefur haft mest áhrif á líf þitt?** Að kynna konunni minni, Valdís, og í kjölfarið að eignast börnin okkar tvö. Valdís er Mosfellingur og dró mig hingað upp eftir í sveitasæluna og sennilega væri ég ekki að svara þessum spurningum hér ef ekki væri fyrir hana.

**Hvaða matur freistar þin?** Ég er gríðarlegur sælkeri, þessa dagana er ég í miklu asísku tímabili.

**Eftirminnilegasta ferðalagið?** Mín fyrsta utanlandsferð til Mallorca, ég man enn suðrænan andvarann þegar maður steig út úr vélinni. Í seinni tíð þá standa ferðir á EM og HM í knattspyrnu upp úr.



MED NÆTURÞOSSUN



11 ÁRA Í KÓRFERÐALAGI



UPPISTAND

Þetta var vorið 2009 og á þessum tíma hafði uppistand að mestu legið í láginni á Íslandi í nokkur ár.

Svona uppistandskvöld eru að erlendri klúbbaformynd, þar sem nokkrir grínistar koma fram á sama kvöldi með einum kynni, þetta var nánast óþekkt. Við komum fimm fram þetta kvöld, þetta var skömmu eftir fjármálahrunið og maður fann að eftir ofboðslegan þungan vetur voru margir innstilltir í að hlæja og heyra gert svolítið grín að öllu ástandinu. Bergur Ebbsi kom með tillögu að nafninu Mið-Ísland og þá má segja að örlögin hafi verið ráðin, hópurrinn sýndi um 500 sýningar á næstu tíu árum. Samhliða uppistandinu fór maður að skemmta í samkvæmum, árhátíðum og öðrum hátíðum.

Fram undan hjá mér núna eru sýningar á uppistandssýningunni Púðursýkur sem við höfum verið með og gaman að segja frá því að við verðum með sýningu í Hlégarði 24. apríl og svo taka við ýmis önnur verkefni. Ég verð á flandri með Rás 2 í sumar og svo er ég að vinna að heimildapáttaröð um bandarískt körfuboltafólk sem vonandi kemur út fyrir jólni á Stöð 2. Ég hef ótrúlega gaman af þessu öllu saman,“ segir Jóhann Alfreð og brosir er við kveðjumst.





**BJÖRN BRAGI**



**EMMSJÉ GAUTI**



**JÓN JÓNSSON**

# PÚÐURSÝKUR

**UPPISTAND**

**HLÉGARÐUR**

MÍÐASALA Á  
**TIX.IS**

**MÍÐVIKUDAGINN**  
**24. APRÍL**  
(kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta)



**DÓRI DNA**



**JÓHANN ALFRED**





## Krakkaglíma hefur göngu sína í Mosó

Átta vikna krakkaglímunámskeið hófst í Bardagasalnum að Varmá sl. föstudag. Námskeiðið er fyrir 5-8 ára krakka og mættu um 20 hressir krakkar í fyrsta tíma. GFR (Glímufélag Reykjavíkur) stendur fyrir námskeiðinu í samstarfi við Heilsuefandi samfélag í Mosfellsbæ. Mosfellingurinn og bardagareynsluboltinn Magnús Ingi Ingvarsson er hugmyndasmiðurinn og driffjörðurinn í verkefninu.



## Fótbolti fyrir alla á laggirnar að Varmá

Afturelding er að undirbúa „Fótbolti fyrir alla“ en það snýst um að bjóða upp á reglulegar fótboltaæfingar fyrir einstaklinga með fatlanir og sérþarfir, óháð kyni, getu og aldri. Yfirþjálfari verkefnisins er Toni Pressley, en hún er einnig aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna. Stjarnan í Garðabæ hefur haldið úti samskonar æfingum í nokkurn tíma og hafa þær verið mjög vinsælar hjá yngri sem eldri iðkendum.

## Árgangamót í Fellinu haldið 27. apríl

Fjórða árið í röð stendur Afturelding fyrir árgangamóti í fótbolta en mótið fer fram í fótboltahúsinu Fellinu laugardaginn 27. apríl. Líkt og undanfarin ár verður keppt í 5 manna bolta á lítinn völl í Fellinu. Allir árgangar 2004 og fyrr eru löglegir í mótið. Eina skilyrðið er að leikmenn hafi æft fótbolta með yngri flokkum eða meistaraflokki í Mosfellsbæ EÐA þeir séu búsettir þar. Mögulegt er að sameina árganga til að mynda lið. Í fyrra vann 2002 árgangurinn mótið eftir að 1997 hafði unnið tvö ár í röð þar á undan. Afturelding hvetur alla fótboltaspiklara til að taka þátt í þessu skemmtilega móti. Nánari upplýsingar á Facebook eða Instagram - aftureldingknattspyrna.

Mætir til starfa 1. maí • Tekur við af Grétari

# Einar Ingi ráðinn framkvæmdastjóri Aftureldingar

Einar Ingi Hrafnsson hefur verið ráðinn sem framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Aftureldingar frá og með 1. maí í stað Grétars Eggertssonar sem hefur sinnt því starfi s.l. tvö ár.

„Einar Ingi er okkur vel kunnur sem leiðtogi og fyrirliði bikarmeistaraliðs handboltans í fyrra. Það má segja að Einar sé þá búinn að loka hringnum í hringrás Aftureldingar þar sem hann hefur verið iðkandi, foreldri, þjálfari og sjálfbóðaliði fyrir félagið okkar þannig að reynsla hans á öllum þessum vígstöðvum mun án efa nýtast honum vel.“

Einar er með BSc-próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og er masterinn handan við hornið, hann hefur starfað sem vörumerkjastjóri hjá heildversluninni Halldóri Jónssyni síðan hann kom heim úr atvinnumennsku frá Noregi.

Einar býr í Mosfellsbænum með Þóreyju Rósu Stefánsdóttur landsliðskonunni í handbolta og leikmanni hjá Fram, þau eiga tvö börn.



EINAR INGI ER TIL Í SLAGINN

Afturelding kláraði deildina með flottum sigri að Hlíðarenda • Úrslitakeppnin hafin

## Tóku annað sætið af Val

Afturelding vann Val 35-34 í lokaumferð efstu deildar karla í handbolta í kvöld og náði með því öðru sætinu af Valsmönnum sem enda í þriðja sæti deildarinnar.

Blær Hinriksson innsiglaði sigur Aftureldingar með 12. marki sínu þegar 15 sekúndur voru til leiksloka.

Gunnar Magnússon þjálfari Aftureldingar var gríðarlega stoltur af sínu liði að enda deildarkeppnina með þessum hætti. „Við erum að jafna besta árangur liðsins á öldinni. Þetta er gott fyrir félagið að ná öðru sætinu og við vildum fara inn í úrslitakeppnina á góðu róli og það tókst.“

„Við förum inn í úrslitakeppnina sem liðið í öðru sæti og þú tekur það ekkert af okkur. Við erum með heimaleikjarétt í að minnsta kosti fyrstu tveimur umferðunum



ef við náum þangað og það er bara frábært,” sagði Gunnar.

Afturelding mætir Stjörnunni í átta liða

úrslitunum Íslandsmótsins en þjálfari liðsins er Mosfellingurinn Hrannar Guðmundsson.



ERLA, VILHJÁLMUR OG GÍSLI ELVAR

## Nýr samningur við Malbikstöðina

Afturelding og Malbikstöðin hafa framlengt samstarfs-samning sinn til næstu tveggja ára en um er að ræða stærsta samning í sögu knattspyrnudeildar Aftureldingar.

Heimavöllur Aftureldingar hefur undanfarin tvö ár borið nafnið Malbikstöðin að Varmá og mun gera áfram næstu tvö árin, að minnsta kosti, eftir undirritun nýja samningsins. Afturelding fagnar nýja samningnum innilega og þakkar Malbikstöðinni kærlega fyrir frábæran stuðning og samstarf. „Sjáumst öll í stuði á leikjum á Malbikstöðinni að Varmá í sumar!“

Á myndinni eru Erla Eiríksdóttir, formaður knattspyrnudeildar fyrir hönd meistaraflokksráðs kvenna, Vilhjálmur Matthíasson, eigandi Malbikstöðvarinnar og Gísli Elvar Halldórsson, formaður meistaraflokksráðs karla,

**AFTURELDINGAR  
VÖRURNAR  
FÁST HJÁ OKKUR**



**JAKO**  
SPORT ÍSLANDI

JAKOSPORT (NAMO EHF) - KRÓKHÁLS 5F - 110 ÁRBÆR

Sími: 566 7310 - jakosport@jakosport.is - jakosport.is



## Frábær árangur Kraft Mos

Frábær árangur Kraft mos á Bikarmóti Kraftlyftingasambandsins, Helgi Kristberg Ólafsson vann gull í -93 kg flokki og Alexander Fannar Hallson silfur í -83 kg flokki.

Kraft mos verður með sumarnámskeið

„Íþróttamenn framtíðarinnar“ þar sem boðið verður upp á Lyftingar, styrktarþjálfun, júdó, parkour, hnefaleika og frjálssar (stökk- og kastgreinar).

Námskeiði verður niðurgreitt af Kiwanis-klúbbum Mosfelli.

## 2. sæti á Copenhagen Open í júdó

Skarphéðinn Hjaltason náði frábærum árangri á Copenhagen Open um páskana.

Hann keppti í -90 kg flokki fullorðinna (Seniors) og vann allar sínar glímur á ippon. Hann komst í úrslitaglímuna en tapaði naumlega fyrir Þjóðverja.

Fram undan er Íslandsmót, Norðurlandamót og tveggja mánaða æfingabúðir í Serbíu í sumar þar sem hann ætlar að æfa með sterku félagsliði.



### AÐALFUNDUR AÐALSTJÓRNAR AFTURELDINGAR


Fer fram í hátíðarsal Framhaldsskóla Mosfellsbæjar, fimmtudaginn 18. apríl og hefst fundurinn kl 20:00

DAGSKRÁ AÐALFUNDARINS ER:

- FUNDARSETNING
- KOSNING FUNDARSTJÓRA OG FUNDARRITARA
- ÁRSSKÝRSLA FORMANNS
- ÁRSREIKNINGUR 2023
- FJÁRHAGSÁÆTLUN AÐALSTJÓRNAR 2024
- HEIÐURSVIÐURKENNINGAR
- KOSNINGAR
- KOSNING FORMANNS
- KOSNING TVEGGJA STJÓRNARMANNA OG EINS VARAMANNS
- KOSNING TVEGGJA SKOÐUNARMANNA REIKNINGA AÐALSTJÓRNAR
- KOSNING EINS SKOÐUNARMANNS REIKNINGA DEILDA
- ÖNNUR MÁL OG ÁVARP GESTA
- FUNDARSLIT

Við hvetjum félagsmenn til að fjölmenna og taka þátt í að gera gott félag enn betra. Léttar veitingar í boði.

Fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar  
Birna Kristín Jónsdóttir formaður



# 20%



Kjötþúðin Sunnukrika 3

# HELGAR-TILBOÐ

## 20% AFSLÁTTUR

LAMBAFILE

NAUTA CARPACCIO

FRÖNSK BLAUT SÚKKULAÐIKAKA

NAUTALUND DELUXE  
Í TRUFFLUMARINERINU



Veislu- og grillþjónusta  
Fáðu tilboð í þína veislu!



# KJÖTBÚÐIN

www.kjotbudin.is

# Íslenskar ullaryfirdýnur í mörgum stærðum

Lopidraumur.is

Frí heimsending innanlands




## Farsæld barna

Lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022. Í daglegu tali er talað um farsældarlögin. Lögin varða öll börn og ungmenni á Íslandi frá 0-18 ára aldurs. Þau ná til allra aðila sem veita börnum og foreldrum þeirra þjónustu, t.d. á vegum sveitarfélaga og ríkis.

Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda, hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi hindranalaust. Áhersla er á snemmtæka íhlutun og að allir sem að barninu koma vinni saman. Gert er ráð fyrir því að það taki sveitarfélög og aðra þjónustuaðila 3-5 ár að innleiða farsældarlögin og því viðurkennt að um vandasamt verkefni er að ræða.

Innleiðingin er í fullum gangi í Mosfellsbæ. Verkefnið er bæði rekið af velferðarsviði og fræðslu- og frístundasviði. Samtal á milli þessara sviða hófst hausið 2020 þar sem vitað var að lögin væru í undirbúningi.

Formleg innleiðing hefur staðið yfir frá haustinu 2022. Fyrst um sinn var aðalega unnið með leik- og grunnskól-



um. Áfram verður lögð mikil áhersla á að vinna með skólasamfélaginu en nú liggur fyrir að tengja fleiri með markvissum hætti við innleiðinguna. Er hér átt við aðila innan og utan sveitarfélagsins sem þjónusta börn, t.d. íþróttafélög, tómstundastarfsemi, heilsugæslu, framhaldsskóla og lögreglu.

Drög að aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára eru nú í kynningarferli í nefndum, á sviðum og í stofnunum. Enn fremur verður lögð mikil áhersla á kynningu til foreldra og barnanna sjálfra.

Leiðarljósið í innleiðingarferlinu er samtal við alla aðila sem að koma og ná þannig sátt og samstöðu um þetta stóra verkefni.

Mikilvægt er að tryggja að allir þekki vel til farsældarinnar og þeirra leiða sem best eru til þess fallnar að börn og foreldrar þeirra fái bestu mögulegu þjónustu.

*Elvar Jónsson, leiðtogi farsældar barna Ragnheiður Axelsdóttir, verkefnastjóri skóla- og ráðgjafþjónustu*

**FRÆDSLUSKRIFSTOFA MOSFELLSBÆJAR**



## Ætlar þú í framkvæmdir?

Pegar vorar stefna margir á framkvæmdir við hús sín og lóðir. Þá er mikilvægt að hafa í huga að ýmsar framkvæmdir geta verið háðar byggingarleyfi, samþykki sveitarfélags, aðliggjandi lóðarhafa eða þarfnast frekari rýni skipulags.

**Þetta á t.d. við um:**

- Viðbyggingar
- Smáhýsi, skúra
- Frágang á lóðum og lóðarmörkum
- Bílastæði og sorpgeymslur
- Girðingar, skjólveggi og palla
- Gróður og aðrar framkvæmdir á lóðarmörkum, hvort sem er við stíga, götur eða nágrannalóðir

Kynntu þér málið á [mos.is/framkvaemdir](https://mos.is/framkvaemdir) eða hafðu samband á [bygg@mos.is](mailto:bygg@mos.is).

Mosfellsbær

[www.mos.is](https://www.mos.is)

525 6700

# BANKINN

BISTRO

## Hádegishlaðborð

Alla virka daga frá 11:30 til 13:30

Kynnum nýjan  
matseðil  
um helgina

### Take Away tilboð

#### Pizzatilboð

3 pizzur með 2 áleggjum

**6.850 kr**

#### Hamborgartilboð

4 ostborgarar og franskur

**6.990 kr**

2L Coke fylgir tilboðum í apríl

*Coca-Cola*  
zero

## Sumarnámskeið Lágafellssóknar fyrir 6 – 9 ára krakka

Leikir, ævintýri & fjör!

Tímabil í boði:

Vika 1: 10. – 14. júní

Vika 2: 18. – 21. júní

Vika 3: 24. – 28. júní

Vika 4: 12. – 16. ágúst

Staðsetning:

Safnaðarheimilið, Þverholti 3

Tími: kl. 9 - 16 (opnar 8:45)

Verð: 15.000 kr.

20% systkinaafsláttur



### Sérstakur gestur: Einar Aron tölframaður!

Tölfraskóli Einar Arons verður hluti af sumarnámskeiðunum, sýnir og kennir krökkunum tölfræðing Einar Aron tengir það svo snilldarlega við boðskap kristinnar trúar. Einnig fá allir krakkar blóðrudýr með sér heim!

Skráning og nánari upplýsingar á [lagafellskirkja.is](http://lagafellskirkja.is)



## Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



# JAKO

SPORT ÍSLANDI

## AFTURELDINGAR- VÖRUR Í ÚRVALI

NAMO EHF. - SMÍÐJUVEGI 74 (GUL GATA) - 200 KÓPAVOGI

Sími: 566 7310 - [jakosport@jakosport.is](mailto:jakosport@jakosport.is) - [jakosport.is](http://jakosport.is)



Kvinnakór á faraldsfæti • Vortónleikar í bæjarleikhúsinu

## Stöllurnar á leið í tónleikaferð til Finnlands

Mosfellski kvinnakórinn Stöllurnar mun á næstu dögum leggja land undir fót þegar þær halda af stað til Finnlands í tónleikaferð. Stöllunum hefur verið boðið að taka þátt í vortónleikum finnska kvinnakórsins Girls 'N Qvinnis í heimabæ þeirra, Ekenäs í Finnlandi.

Stöllurnar munu, að loknu ferðalagi sínu, halda sína árlegu vortónleika í bæjarleikhúsi Mosfellsbæjar þann 23. apríl með

slunkunýtt og undurlítt, íslenskt lagaprógram eftir mörg af helstu tónskáldum og lagahöfundum Íslands. Stjórnandi kórsins er Heiða Árnadóttir.

Miðaverði verður eins og áður stillt í hóf og kostar aðgöngumiðinn litlar 2.000,- krónur.

Tónleikarnir hefjast kl. 20:00, húsið opnar kl. 19:30. Hægt er að panta miða á netfanginu [kvinnakorstollur@gmail.com](mailto:kvinnakorstollur@gmail.com)



Myndlistarhópurinn MOSI: Anna Kristín Einarsdóttir, Louisa Sigurðardóttir, Þorgerður S. Guðmundsdóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, Ásvaldur Kristjánsson, Svafa Kristín Pétursdóttir, Guðmundur Guðbjarnarson, Baldvin Viðarsson og Gurli Geirsson.

Mosfellskur myndlistarhópur sýnir í Grensáskirkju

## Samsýning MOSA opnar á laugardaginn

Samsýning myndlistarhópsins MOSA, sem starfræktur er í Mosfellsbæ, verður að þessu sinni haldin í Grensáskirkju.

Opnar sýningin kl. 16:00 laugardaginn 13. apríl og stendur til 4. maí.

Opunartími sýningarinnar er mánudaga til fimmtudaga frá klukkan 10:00 til 15:00.

Vorið 2014 var myndlistarhópurinn MOSI stofnaður í Mosfellsbæ og hefur verið starfandi óslitið síðan.

Hópurinn skipa núna níu frístundarmálara sem flestir hafa numið myndlist í Myndlistarskóla Reykjavíkur og Myndlistarskóla Mosfellsbæjar til margra ára. Meðlimir

hópsins eru að stærstum hluta Mosfellingar þó það slæðist með Reykjavíkingar, Hafnfirðingur og Keflvíkingur.

Virkir meðlimir hverju sinni eru yfirleitt á bilinu 9-12 en í heild telur hópurinn 18 meðlimi. Tilgangur hópsins er að mála saman eitt kvöld í viku, sækja myndlistarviðburði og fá til sín myndlistarkennara á vinnustofu að minnsta kosti tvisvar á hverju starfsári. Vinnustofa Mosa er staðsett í Framhaldsskóla Mosfellsbæjar. Á vorönn 2024 fékk hópurinn að njóta leiðsagnar Þorra Hringssonar myndlistarmanns.

Hópurinn hefur haldið 5 samsýningar að

Næsta blað kemur út:

**9. MAÍ**

Efni og auglýsingar skulu berast fyrir kl. 12, mánudaginn 6. maí.



# Sumarnámskeið fyrir börn og unglinga



Nú er sumarið að nálgast og að vanda er fjölbreytt frístundastarf í boði fyrir börn og unglinga í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar um námskeiðin munu koma inn á [www.mos.is](http://www.mos.is).

## Stuðningur

Frístundasvið í samvinnu við velferðarsvið Mosfellsbæjar benda foreldrum á að boðið er upp á stuðning fyrir börn og ungmenni með sérþarfir inn á sumarnámskeið og sumarvinnu sem í boði eru í Mosfellsbæ. Nánari upplýsingar: [elisan@mos.is](mailto:elisan@mos.is)

## Ert þú að halda námskeið?

Öll þau sem vilja koma á framfæri upplýsingum um námskeið fyrir börn og unglinga geta sent upplýsingar á netfangið [dana@mos.is](mailto:dana@mos.is)



**B. Markan ehf.**  
**Pípulagnir**

660 6690

www.bmarkan.is



www.bilhusid.is

Véla- og hjólastillingar.  
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,  
smurbjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smiðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540



**HJÁLMAR GUÐMUNDSSON**  
**LÖGGILDUR HÚSASMÍÐAMEISTARI**  
S: 6959922  
FHSVERK@GMAIL.COM



**SteinTeppi.is**

*Gólfefna lausnir  
fyrir heimili  
og fyrirtæki*

Leirvogstunga 27, 270 Mosfellsbæ, sími: 864 6600



S: 660 0770 - www.aftak.is

**FÓTAADGERÐASTOFA**  
**MOSFELLSBÆJAR**

Þverholti 3 - Sími: 566-6612



## Gott að eldast

Undirrituð hóf nýlega störf hjá Mosfellsbæ í þróunarverkefni sem er liður í aðgerðaáætlun stjórnvalda sem ber nafnið „Gott að eldast“.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið auglýstu eftir sveitarfélögum og stofnunum sl. sumar til að taka þátt í þróunarverkefninu og voru Mosfellsbær og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins eitt af þeim sex svæðum sem valin voru til þátttöku en Eir hjúkrunarheimili verður framkvæmdaraðili þjónustunnar á svæðinu.

Markmið verkefnisins er að finna góðar leiðir á samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta vandlega saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Auk þess verður ráðist í aðgerðir sem stuðla að heilbrigðri öldrun og bættum aðgangi að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk.

Í þessu þróunarverkefni felast tækifæri og bætt þjónusta fyrir eldra fólk í Mosfellsbæ, Kjálarnesi og Kjós, en það er svæðið sem verkefnið nær til. Áhersla verður á að vinna gegn einmanaleika og félagslegri einangrun eldra fólks og finna



leiðir til að auka virkni og vellíðan íbúa. Með samþættri þjónustu er áherslan á að eldra fólk geti lifað innihaldsríku og sjálfstæðu lífi þrátt fyrir miklar og flóknar þafir.

Í Mosfellsbæ er boðið upp á fjölbreytta þjónustu fyrir eldra fólk, öflugt félagsstarf og stuðning við að búa á eigin heimili þegar heilsu hrakar. Aðgangur er að öldrunarráðgjafa hjá velferðarsviði Mosfellsbæjar og heilsuvernd eldra fólks hjá Heilsugæslunni í Mosfellsbæ.

Í starfi mínu mun ég leitast við að byggja upp tengingar á milli mismunandi þjónustustofnana og skoða hvernig hægt er að draga úr félagslegri einangrun viðkvæmra hópa, auka virkni og leitast við að eldra fólk fái viðeigandi þjónustu sem gerir því kleift að lifa innihaldsríku lífi á eigin heimili.

Velkomið er að hafa samband við undirritaða sem veitir frekari upplýsingar varðandi þróunarverkefnið.

*Gudleif Birna Leifsdóttir  
tengiráðgjafi á velferðarsviði Mosfellsbæjar  
gudleifl@mos.is - s. 525-6700*

## Menningin blómstrar í Mosfellsbæ

Það eru forréttindi að fá að taka þátt í að gera bæinn okkar blómlegri með menningarviðburðum.

Nú er mars, mánuður Menningar í Mosó, nýliðinn og það var nóg um að vera. Þar má nefna tónleika sem kvennakórarnir Stöllurnar úr Mosfellsbæ og Sóldís úr Skagafirði héldu saman í Hlégarði, en þar voru flutt lög Magnúsar Eiríkssonar. Á degi Listaskólans var öllum velkomið að kíkja við þar sem ljúfir tónar hljómuðu úr öllum rýmum. Þvílíkir hæfileikar hjá unga tónlistarfólkinu okkar.

Í leikhúsinu okkar var einnig opið hús þar sem nú er verið að sýna Línu Langsokk. Enn og aftur toppar Leikfélag Mosfellsveitar sig með frábærri sýningu. Í Álafossvosinni var myndlistakonan Ólöf með opið hús alla sunnudaga í mars, gaman var að heimsækja hana og Kvosina. Þetta eru bara nokkrir viðburðir af mörgum þetta árið og verður gaman að fylgjast með þessu verkefni þróast og stækka á næstu árum.

Menning auðgar mannlíf og gefur okkur tækifæri til að hittast og njóta saman. Það er mikilvægt að lyfta upp á yfirborðið því fjölbreytta menningarstarfi sem fram fer í Mosfellsbæ, gera mosfellska menningu sýnilega og aðgengilega og þar hefur mikilvægi Hlégarðs komið vel í ljós.

Hlégarður spilaði stórt hlutverk í Menningu í mars og var um margt að velja. Það er dásamlegt



að fylgjast með hvernig félagsheimili okkar Mosfellinga hefur lifnað við og blómstrað undanfarin misseri.

Einn af þeim viðburðum sem hefur fengið hvað bestar viðtökur í dagskrá Menningar í mars eru sögukvöldin í Hlégarði. Í fyrra var fullt hús og í ár fylltist húsið á fimm mínútum af söguþyrstum Mosfellingum. Það eru margir sem koma að því að láta svona viðburð ganga upp og vil ég þakka öllum þeim fyrir sem lögðu hönd á plóg. Það er magnað hvað hægt er að gera þegar áhugasamt fólk tekur sig saman.

Að lokum vil ég segja frá því að nú er hafin vinna við nýtt verkefni þar sem kortlögð hafa verið rými í Mosfellsbæ þar sem hægt verður að halda litlar sýningar í óformlegum sýningarrýmum. Í framhaldinu verður bæjarbúum boðið upp á að sækja um að halda sýningar í hinum ýmsu rýmum eins og til dæmis Hlégarði, Kjarnanum og Lágafellslaug svo eitthvað sé nefnt.

Þetta verkefni var sett af stað til að gefa þeim sem eru að vinna að listsköpun í Mosfellsbæ fjölbreyttari tækifæri til að sýna verk sín. Þegar þeirri vinnu er lokið verður verkefnið kynnt nánar ásamt upplýsingum um hvar og hvernig skráningar beiðna um sýningarrými verða móttæknar og afgreiddar.

*Hrafnhildur Gísladóttir  
formaður menningar- og lýðræðisnefndar.*

# Dreymir þig um eigið húsnæði?

**Hafðu samband**

Svanþór Einarsson  
Löggiltur fasteignasali

**Fasteignasala**  
**Mosfellsbæjar**

Sími:  
**586 8080**  
www.fastmos.is

Fasteignasala Mosfellsbæjar • Þverholti 2 • S. 586 8080 • www.fastmos.is



# Múlalundur, minning eða möguleiki?

Það blása harðir vindar um vinnustaðinn minn Múlalund þessa dagana.

Ég hefði aldrei trúað því að óreyndu að upplifa þessa stöðu og ekki síst verklagið við að „loka Múlalundi“ í núverandi mynd. Hópur frábærra einstaklinga með mismunandi fatlanir fengu að vita fyrir stuttu að þeir muni missa vinnuna sína og verði að fara út á almennan vinnumarkað. Að mínu mati er þetta fjöldauppsögn í spari-fötunum.

Það eru hörð skilaboð „að ofan“ að allir öryrkjar (30 manns) sem nú eru fastráðnir á Múlalundi eigi að hætta og helst sem fyrst. Þetta er gert með aðstoð ráðgjafa Vinnu-málastofnunar (VMST) sem eru að útvega störf á almennum markaði fyrir þennan hóp þrátt fyrir þá staðreynd að aðrir fatlaðir séu fastir á fjölmennum biðlista eftir vinnutíðum. Það eru blendnar tilfinningar sem fara um hugann þegar samstarfsfólk mitt, eitt af öðru hverfur á braut með loforð um bættan hag, en jafnframt með kvíðahnút yfir næstu skrefum. Enginn veit enn sem komið er hvort restin af starfsfólkinu fái að halda sínum störfum. Hvað gerir t.d. þroskajálfi þegar allir fatlaðir samstarfsmenn eru farnir af staðnum?

Múlalundur á sér 65 ára sögu, sem er ákaflega merkileg að mörgu leyti. Ótrúleg fjölbreytni hefur verið í framleiðsluvörum allt frá upphafi og verkefni koma og fara eftir tíðaranda og aðstæðum í þjóðfélaginu. Fjöldi fólks með skerta starfsgetu hefur notið góðs af öll þessi ár og nýtur enn. Við vitum ekki betur en Múlalundur eigi mikilli velvild að fagna úti í samfélaginu og þeir sem þekkja til þykir vænt um staðinn og það sem hann stendur fyrir. Það var dapurlegt að heyra í fréttum forstjóra VMST tala á niðrandi hátt



um úreltar framleiðsluvörur okkar sem færu beint í ruslið. Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur en þær eru allar framleiddar eftir pöntunum fyrirtækja sem velja að versla við íslenskt framleiðslufyrirtæki og í leiðinni skapa vinnu fyrir starfsfólk Múlalundar. Með þessu samstarfi vinna allir!

Við á Múlalundi erum þakklát fyrir það að mörgu íslensk fyrirtæki hafa leitað til okkar með allskonar skemmtileg og frábær verkefni og þannig gefið fólkinu okkar tækifæri til að mæta til alvöruvinnu og finna að þau séu virkir samfélagsþegnar sem leggja sitt af mörkum.


Vinnustaðurinn Múlalundur snýst reyndar ekki bara um verkefni heldur er hann samfélag fólks á öllum skala fjölbreytileikans hvort sem um er að ræða fatlaða eða ófatlaða einstaklinga. Í öruggu umhverfi myndast ómetanleg félagsleg tengsl og það hefur sýnt sig í reynd að starfsfólk Múlalundar hefur fengið að blómstra og njóta sín á eigin forsendum.

Núna er hins vegar kominn brestur í undirstöðurnar. Við höfum reynt að fá svör frá ýmsum sem gætu haft með þetta mál að gera en lítið gengið og hver vísar á annan. Hvað hefur t.d. SÍBS (eigandi Múlalundar) í huga varðandi framhaldið? Við höfðum samband við Eflingu stéttarfélag og vildum vita hvort þetta væri löglegt verklag! Við reyndum að fá ÖBÍ með í málið en engar undirtektir, VMST segir okkur barn síns tíma og hættir að ausa peningum í Múlalund og ekki næst í ráðherra sem allir vísa þó á. Er það kannski þannig að starfsfólk Múlalundar séu „óhreinu börnin hennar Evu“ sem enginn vill kannast við?

Fyrir hönd minna frábæru vinnufélaga á Múlalundi

Vilborg Eiríksdóttir, þroskajálfi/verkstjóri

HÁSKÓLABÍÓ 20. APRÍL



## UMSÓKNAFRESTUR TIL 18. APRÍL

UNGLINGAR FÆDDIR 2008 - 2009 - 2010

# Vinnuskólinn 2024

UMSÓKNIR: [VINNUSKOLI.VALA.IS/UMSOKNIR](http://VINNUSKOLI.VALA.IS/UMSOKNIR)

MOS.IS LEIT: VINNUSKOLI  
VINNUSKOLI@MOS.IS



## HEILSUMOLAR GAUA



### SAMEININGARORKA


Eitt það besta við íþróttirnar er að þær búa yfir þeim töframætti að geta sameinað fólk. Það er ólýsanlegt að vera hluti af stórum hópi fólks sem er samankominn til þess að styðja eitt og sama liðið til dæða. Lið sem allir í hópnum hafa tengingu við. Tengingarnar ná saman eins og ósýnilegir rafmagnspræðir, tengja okkur sem erum á þöllumum hvert við annað. Og okkur sem heild við íþróttaliðið okkar úti á vellinum. Það gefur liðinu orku sem síðan endurvörpast á áhorfendapallana. Og þannig eykst þessi sameiginlega orka jafnt og þétt. Við finnum fyrir tengingunum, finnum að við erum í þessu saman.

Vorið er skemmtilegur íþróttatími í Mosfellsbæ. Vetraríþróttirnar eru að ná hámarki og sumaríþróttirnar að byrja. Móðurskip okkar Mosfellinga, Afturelding, heldur úti öflugum félagsliðum í boltaíþróttunum og það eru heldur betur spennandi tímar fram undan hjá þeim. Karla- og kvennalið UMFA í blaki eru bæði komin í undanúrslit í Íslandsmóttinu, en úrslitakeppnin er í fullum gangi þessa dagana. Kvinnaliðið okkar í handbolta tekur næstu daga og vikur þátt í úrslitakeppni um að halda sæti sínu í efstu deild og karlalíðið, sem endaði deildarkeppnina í öðru sæti, spilar þessa dagana við Stjórnuna í 8-liða úrslitum Íslandsmótsins. Við eigum, ekki enn, meistaraflökka í körfubolta, en íþróttin er mjög vaxandi í Mosfellsbæ og strákarnir í 2009 árganginum eru á meðal bestu liða landsins í dag. Kvenna- og karlalíðin okkar í fótbolta eiga bæði bikarleiki í apríl og Íslandsmótið hefst í byrjun maí.


Ég hvet unga sem aldna Mosfellinga til að mæta sem oftast á völinn til að styðja okkar lið og upplifa um leið öflugna mosfellska sameiningarorku. Saman getum við náð langt!

Það er líka margt að gerast á vormánudum hjá hinum íþróttadeildum UMFA - badminton, fimleikar, frjálsar, hjól, karate, sund og taekwondo. Skoðum það og önnur íþróttafélög bæjarins í næsta pistli.

Guðjón Svansson  
gudjon@kettlebells.is



ÓLAFUR STEFNIR OG GUÐRÚN



STJÓRNANDINN BIRGIR D. SVEINSSON

Guðrún Rútsdóttir skrifar um uppeldisárin í Skólahljómsveitinni og Barnadjass í Mosó

## Viltu ekki bara spila á þetta?

Þegar ég var 6 ára fóru ég, mamma og móðursystir mín á fund Birgis skólustjóra til að finna hljóðfæri fyrir mig að spila á. Ég átti þegar að baki heils árs feril í blokkflautuleik og það var kominn tími á að glíma við nýtt hljóðfæri.

Mamma hafði heyrt svo vel látið af lúðrasveitinni að hún vildi endilega skrá mig í hana. Við spjölluðum saman og svo fórum við niður í kjallara að skoða hljóðfærin. Eftir dágóða stund við að prófa öll hljóðfærin og ræða um þau spurði Birgir mig hvaða hljóðfæri ég vildi velja. Spurningin kom flatt upp á mig og ég var ekki tilbúin með neitt svar. Svo ég horfði á móðursystur mína sem er fiðluleikari og sagði „bara fiðlu“ (ég gæti þá alla vega gert henni til geðs því ekki hafði ég hugmynd um hvað mig langaði til að læra á).

Svarið vakti væntanlega upp blöndu viðbrögð þótt ég geti ekki sagt að ég muni eftir þeim. En í dag get ég alla vega sett mig í spor móður minnar og ímyndað mér að þetta hafi verið mátulega vandræðalegt.

### Birgir vissi hvað hann var að gera

Ég stundaði fiðlunám, kannski ekki af miklu kappi en mætti þó í tíma reglulega.

Þegar ég var 10 ára gömul stakk mamma upp á því að ég bætti við mig hljóðfæri og fari aftur niður í lúðrasveit og athugi hvort ég geti ekki fengið að læra á klarinett eða þverflautu (takið eftir því að hún stakk upp á ákveðnum hljóðfærum svo við lentum ekki aftur í sama fiaskói og síðast!).

Ég fór sjálf á fund Birgis inni á skólustjóraskrifstofunni hans. Það var nú ekki oft sem ég kom inn á þessa skrifstofu og maður bar ómælda virðingu fyrir skrifstofunni og skólustjóranum. Birgir sagði að því miður væri ekki laust á þverflautu eða klarinett en spurði svo hvort ég vilji ekki bara spila á þetta, dró upp risastóran kassa og ofan í honum var risastórt málmblásturshljóðfæri sem ég lærði þá að heitir básúna.

Nú var þetta kannski ekki beint það sem ég hafði í huga. Hinar stelpurnar spiluðu nú flestar á settlegru hljóðfæri, klarinett og þverflautu t.d. og kannski trompet. En sitjandi inni á skrifstofu skólustjórans, með hinn háheilaga skólustjóra fyrir framan mig, þá var kannski ekki mikið annað í stöðunni



ELDRI DEILD SKÓLAHLJÓMSVEITARINNAR ÁRIÐ 1998

en að jánka og taka við ferlíkinu. Mamma fékk nett áfall að sjá mig koma skjöggrandi heim með dýrgripinn.

En ég hef ekki séð eftir þessu í eina mínútu. Birgir vissi nákvæmlega hvað hann var að gera. Mér leið ýmist sem prinsessu eða Öskubusku þarna í öftustu röðinni með strákunum (það vantaði kannski örlítið upp á samvisskuseminna hjá sessunautum mínum svo utanvæðing náttu hvíldi ögn meira á mér en þeim).

Ég spilaði nánast óslitið í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar þar til ég varð 23 ára gömul og útskrifuð með B.Mus gráðu í básúnuleik úr Listaháskóla Íslands.

### Skólahljómsveitin mikil uppeldisstöð

Það er nefnilega ekkert betra en að spila í lúðrasveit. Ég áttaði mig ekki á því til fulls fyrir en ég var sjálf orðin fullorðin hversu góður skólahljómsveitarstjóri Birgir D. Sveinsson var. Þá er ég ekki að tala um þann part sem felst í að sveifla sprotanum (þótt hann hafi líka staðið sig vel í því).

Hann hafði náttúrulega mikið forskot á aðra skólahljómsveitarstjóra að vera einnig skólustjóri grunnskólans. Hljómsveitin var mikil uppeldisstöð og ég á Birgi að þakka margt þegar kemur að félagslegri færni og samspili. En í hljómsveitinni voru alls konar krakkar. Sum börn voru send af foreldrum sínum (í tvígang!) í hljómsveitina því þeir vissu að þar væri unnið gott starf.

Önnur voru reglulegir gestir á skrifstofu skólustjóra og Birgir vissi að reglulegir spilátímar og hljómsveitaræfingar myndu hafa góð áhrif á þau. Enn önnur áttu erfitt með að fóta sig í skólaumhverfinu og þurftu griðastað.

Öll unnum við saman í hljómsveitinni sem skapaði skemmtilega og litríka heild. Það krefst mikillar vinnu, útsjónarsemi og innseis að skapa jafn stóra og sameigna sveit ólíkra barna og Birgi tókst að gera.

Það er gaman að líta til baka á það magnaða starf sem Birgir hefur unnið núna þegar 60 ár eru liðin frá því hann stofnaði Skólahljómsveit Mosfellsbæjar og hann sjálfur nýorðinn 85 ára gamall. Megi hugsjónir Birgis lifa önnur 60 ár hið minnsta hér í Mosfellsbæ.

### Barnadjasshátíð í sumar

Í starfi mínu sem framkvæmdastjóri tónlistarhátíðinnar Barnadjass í Mosó, sem haldin verður í annað sinn nú í sumar, hef ég haft ár mín í Skólahljómsveit Mosfellsbæjar í huga.

Í ár munum við halda opið tveggja daga námskeið ætlað börnum á aldrinum 8-15 ára sem hafa áhuga á að prófa að spila djass eftir eyranu og spinna. Endilega fylgist með á [www.facebook.com/Barnadjass](http://www.facebook.com/Barnadjass) þar sem allar upplýsingar munu verða birtar.

Guðrún Rútsdóttir

Vegna mikillar sölu leitum við að öllum gerðum eigna í þínu hverfi. Hafðu samband.

Ef þú ert í söluhugleiðingum hafðu samband við **Jón Rafn** í síma 695 5520 eða með tölvupósti [jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is) eða við **Óskar** í síma 691 2312 eða með tölvupósti [osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)

MIKLABORG

Með þér alla leið

Bókið skoðun og fáid frítt verðamat

Jón Rafn Valdimarsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
[jon@miklaborg.is](mailto:jon@miklaborg.is)



Jón & Óskar

Óskar S. Axelsson  
löggr. fasteignasali  
Sími: 691 2312  
[osa@miklaborg.is](mailto:osa@miklaborg.is)



569 7000 | Lág múla 4 | [miklaborg.is](http://miklaborg.is)  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



**Jógvan Hansen**  
Ég þurfti að komast (keyra) niður í Fossvogsspítalann áðan. Það algjörlega eiðilagði mér daginn. Góða skemmtun þið sem þurfi að sækja þjónusti niðri í Reykjavík! Ég jafna mig þegar ég er búinn að fá hádegismat.

19. mars



**Gunnar Ólafur Kristleifsson**  
Kæru vinir og aðrir það eru svo margir að stíga fram og ætla að bjóða sig fram til þess að vera forseti ég aftur á móti ætla að halda mínu striki og tek ekki þátt í þessum sirkus sem forsetaframboðið er orðið og ætla að segja pass að sinni og leyfi þessum sextíu og eitthvað að slást áfram en maður veit aldrei með seinna ja þar að segja ef maður er lifandi þá.

6. apríl



**Rannveig Richter**  
Kvöldið 19. mars 2004 var reunion hjá Skólahljóm-sveit Mosfellsbæjar í tilefni þess að liðin voru 40 ár frá stofnun sveitarinnar. Þetta var heljarinnar partý sem átti eftir að hafa mun meiri áhrif á líf mitt en mig grunaði þegar ég mætti í fjörið. Þetta kvöld byrjuðum við Biggi saman og erum því búin að vera saman í 20 ár í dag. Elsku Biggi takk fyrir allt, hlakka til að halda áfram að safna hrukkum og gráum hárum með þér.

19. mars



**Brynhildur Georgsdóttir**  
Þetta er of fyndið og dýrmæt lexía. Harpa systir ætlaði að skella meðmælum á einn forsetaframbjóðanda. Gerði það stöðd á rauðu ljósi. Vildi ekki betur til en að hún smelti á rangan takka og bauð sjálfa sig fram til forseta. Sér ekki fyrir endann á því dæmi. Lærdómurinn? Ekki keyra og kjósa.

22. mars



**Birna Kristín Jónsdóttir**  
Gaman að fá viðurkenningu. Félagsmálaskjöldur UMSK og starfsmerki UMFÍ. Takk fyrir mig

22. mars



**Útfararstofa Íslands**

www.utforin.is • Mosfellsbæ



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455


Sólarhringsvakt: 581 3300 & 896 8242

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



**Frí Tjónaskoðun**

★ GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27. Kópavogi  554 2510  
www.bilasprautun.is



**GLERTÆKNI ehf**

Völuteigi 21

- gler í alla glugga -

S. 566-8888 • WWW.GLERTAEKNI.IS



**MALBIKSTÖÐIN**



**VILTU SELJA?**

588 55 30  
WWW.BERG.IS



**MALBIKSTÖÐIN**



Þú finnur öll blöðin á netinu

**WWW.MOSFELLINGUR.IS**



**Ökukennsla Lárusar**

Gsm 7775200 akamos@simnet.is

**Vespu-, bifhjóla- og bilpróf**

Annast akstursmat og sé um hæfnispróf fyrir þá sem hafa gleymt að endurnýja.

~ Fagmenn í yfir 40 ár ~



Flugumýri 2 - Sími 566-6216

**MG LÖGMENN**

Erfðaskrár - Kaupmálar - Skipti dánarbúa

Skilnaðarsamningar - Slysamál

Gallar í fasteignum

Persónuleg þjónusta

Háholti 14 - Sími 588 1400 - mglogmenn@mglogmenn.is - www.mglogmenn.is

Tek að mér alla krana- og krabbavinnu

Útvega allt jarðefni

**VÖRUBÍLL Þ.B.**

Klapparhlíð 10  
Porsteinn 822-7142



**VGH Mosfellsbæ**

VERKTAKI SÍÐAN 1968

**ÞAÐ SEM TIL ÞARF**

 896-9443 896-2279

## HEYST HEFUR...

...að aprílabb Mosfellings á samfélagsmiðlum hafi vakið mikla athygli en um var að ræða mikinn hvalreka í Leiruvogi.

...að Stefán Hilmarsson syngi með Karlakór Kjálnessinga á vortónleikum kórsins 20. apríl.

...að haldið verði sveitaball í Hlégarði 27. apríl með hjómsveitunum Á móti sól og Skítamóral.

...að Jóhanna, sem vann Biggest Loser fyrir 10 árum, sé búin að fara 100 ferðir á Úlfarsfell það sem af er ári.

...að kór eldri borgara leiti að nýjum kórstjóra.

...að verið sé að gera nýjan samning um Hopp rafhjólin í Mosó en rúmlega 30 þúsund ferðir voru farnar á þeim sl. sumar og haust.

...að gjafavöruslunin Evíta muni loka í Háholtinu þann 1. maí.

...að Elvar og Hanna Lilja í Varmadal eigi von á dreng í sumar.

...að peningatöskur hafi fundist að Lágafelli eftir 30 milljón króna þjófnað í Hamraborg.

...að Afturelding mæti Leikni á útivelli í bikarnum á laugardaginn kl. 14.

...að búið sé að loka bílapvottastöðinni Löður við N1 í Háholtinu.

...að brotist hafi verið inn í íbúð í Leirvogstungu þegar húsráðandi var erlendis og tveir karlmenn hafi búið þar í nokkra daga.

...að Örvar Jóhannsson forseti bæjarstjórnar verði fertugur um helgina.

...að mosfellski knattspyrnumaðurinn Axel Óskar sé genginn í raðir KR.

...að mikill þrýstingur sé á samfélagsmiðlum um að opna aftur skíðasvæðið í Skálafelli.

...að lag Kaleo, Way Down We Go, sé komið með yfir milljarð spilana á Spotify.

...að handboltakappinn og fyrrum fyrirlíði og bikarmeistari Aftureldingar, Einar Ingi, sé nýr framkvæmdastjóri Aftureldingar.

...að Emmsjé Gauti, Jón Jónsson, Björn Bragi, Jóhann Alfreð og Dóri DNA verði allir á sviðinu í Hlégarði þegar uppistandssýningin Púðurskyur fer fram þar, síðasta vetrardag.

...að Guðbergur Guðbergsson, Beggi, fasteignasali í Mosfellsdal sé farinn af fullum krafti í framboð til forseta Íslands.

...að Svava Björk og Hrannar Guðmunds séu að fara gifta sig í byrjun sumars.

...að Jason Daði hafi opnað markareikning Breiðabliks á Íslandsmóttinu 2024.

...að blómahjónin Leifur og Helga séu að verða amma og afa.

...að Hafliði bakari sé að flytja í Leirvogstunguna.

...að leitað sé logandi ljósi að næsta formanni Aftureldingar.

mosfellur@mosfellur.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum Mosfellingum ásamt helstu upplýsingum á netfangið mosfellur@mosfellur.is

**Hans Helgi Patreksson, fæddist 15. september 2023 kl. 23:20. 3274 gr og 49 cm. Foreldrar: Unnur Ósk Burknadóttir og Patrekur Helgason Skírður í höfuðið á afa sínum Hans Helga Stefánsson sem féll of snemma frá okkur, sem margir þekktu sem Hansa kokk í Varmáskóla.**



## Túlipanasýning í Kjarna 22.-29. apríl



### 95 tegundir af túlipönum til sýnis

Garðyrkjudeild Mosfellsbæjar í samstarfi við gróðrastöðina Dalsgarð standa fyrir sýningu á túlipönum á torginu í Kjarna, fyrir framan Bókasafnið.

Fjölbreytt úrval túlipana til sýnis vikuna 22.-29. apríl. Túlipani ársins verður valinn.

Mosfellsbær www.mos.is 525 6700



## Í eldhúsinu



### Ofnakaður fiskur

HJÁ GUÐRÚNU

Guðrún Kristjánsdóttir deilir að þessu sinni með okkur einfaldri og fljótlegri uppskrift að ofnbökudum fiski.

#### Hráefni:

- Ýsuflok
- Laukur
- Frosið blandað grænmeti
- Hollandais-sósa
- Rifinn ostur
- Salt, sitrónupipar og hvítlaukur
- Pipar og karry



#### Aðferð:

Fiskurinn skorinn í bita, raðað í eldfast mót og kryddaður. Laukur svissaður á pönnu og hellt yfir fiskinn. Grænmetið svissað á pönnu og hellt yfir fiskinn og grænmetið og rifinn ostur að lokum. Bakað í ofni við 180°C í 15-20 mínútur. Borið fram með hrisgrjónum og salati.

Verði ykkur að góðu!

Guðrún skorar á Signýju Guðmundsdóttur að deila með okkur næstu uppskrift í Mosfellingi

## KOSTULEGIR TÍMAR

Komið þið sæl, krakkar mínir og aðrir sveitungar, þrátt fyrir frost á Fróni og kuldalega daga þá er heldur betur vor í kortunum. Þið vitið hvað það þýðir, ekki satt? Jú, rigning og meiri rigning, en það þýðir líka að það styttist í sumarið sem þýðir líka meiri rigning en það gæti jafnvel sést til sólar þetta sumarið þótt það sé nú ekki mjög líklegt, frekar en undanfarin ár.

Þetta vor er nú samt ekki eins og hvert annað vor því að nú í ár eru kosningar og ekki bara hvaða kosningar sem er, heldur ætjum við að kjósa sjálfan forseta lýðveldisins í forsetastólinn góða. Ég verð nú bara að segja að ég man ekki eftir öðru eins þegar kemur að forsetakosningum eins og núna en þetta byrjar með látum og þegar þetta er skrifað þá eru á þriðja tug þúsunda búin að segja að þau ætli að bjóða sig fram og tugir þúsunda sem eru búin að segja að þau ætli ekki að gera það.

Mér sýnist bara enginn vera maður með mönnum nema að bjóða sig fram og að sjálfsögðu er Ástþór nokkur Magnússon, sem virðist vera með framboð í áskrift, búinn að bjóða fram krafta sína eins og venjulega. Ég er nú eiginlega hissa á því að Sturla vörubílstjóri skuli ekki vera kominn á blað, kannski er hann netlaus eða eitthvað þessa dagana.

Það er eiginlega auðveldara að telja þá upp sem ekki hafa boðið sig fram heldur en þá sem það hafa gert. Rétt upp hönd sem vill vera forseti ... Já það er eins og ég hélt, næstum allir.

Gnarrinn er kominn á blað og ég held jafnvel að húlgarska Playboy-daman okkar ætli sér að yfirtaka Bessastaði.

En ég vil nota þennan vettvang og tilkynna hér með að eftir að hafa legið undir feldi, fengið fjölda áskorana, skoðað mína stöðu, og vegið og metið allt saman ætla ég að boða til blaðamanna fundar í áhaldageymslunni á útisvæðinu að Varmá og tilkynna niðurstöðurnar.

Æi, nei annars, er ekki bara tómt vesen að vera hringja út einhverja blaðamenn ... vilja þeir ekki bara fá bakkelsi og vera fullir?

En ég ætla ekki að bjóða mig fram sem forseta lýðveldisins, enda á ég ekkert erindi þangað eins og meginhluti þeirra sem eru að bjóða sig fram.

Bless í bili, dúllurnar mínar.



HÖGNI SNÆR

MOSFELLSBAKARI.IS  
HÁHOLT 13-15  
HÁALEITISBRAUT 58-60



MOSFELLSBAKARI

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar og  
hljómborð á tilboði



Mikið úrval  
Verð við allra hæfi

## SKEMMTANIR



### Hljómsveitin ÚLTRA

Hljómsveit: A. Kröyer/dúett

Tek að mér að spila í einkasamkvæmum, brúðkaupum, árs hátíðum, afmælum og fl.

Er með hljómborð sem virkar eins og hljómsveit.

Get líka verið með fjöldsöng og nota þá kassagítar.

Eins er ég með dinnertónlist. Söngkona Ann Andreassen.

Verð við allra hæfi.

Anton - antonben@simnet.is  
gitarinn@gitarinn.is  
Símar: 895 9376 - 552 2125

### Starfsfólk óskast

Starfsfólk vantar á Hótel Laxnes. Fullt starf - Góð enskukunnátta  
Sendið CV á netfangið  
hotellaxnes@hotellaxnes.is

WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS  
WWW.MOSFELLINGUR.IS



**NÆSTI  
MOSFELLINGUR  
KEMUR ÚT  
9. MAÍ.**

Blaðinu er dreift fritt  
í öll hús í Mosfellsbæ.

Skilafrestur efnis/auðglýsinga er til  
hádegis á mánudegi fyrir útgáfudag.

mosfellingur@mosfellingur.is

## ÞJÓNUSTA VIÐ MOSFELLINGA

## VERSLUM Í HEIMABYGGÐ



www.arioddsson.is

**ARI ODDSSON EHF**  
BYGGINGAVERKTAKI

MÚRVERK - FLÍSALAGNIR - ALMENN VIÐHALDSVINNA

FAGMENNSKA Í FYRIRRÚMI

Háholti 14 • 270 Mosfellsbæ • arioddsson@arioddsson.is  
Símar: 895-0383 / 867-7704 / 564-4070



Sjúkrabjálfun & Sjúkranudd  
**HEILSUEFLING  
MOSFELLSBÆJAR**

Urðarholt 4 Mosfellsbær

Sími 578 5080



ÖKUKENNSLA - AKSTURSMAT - NÁMSKEIÐ

## Öll almenn vörubíla- og kranapjónusta

- Grabbi, grjótkló og fl.
- Útvega öll jarðefni.
- Traktor og sturtuvagn í ýmis verkefni eða leigu.
- Sláttupjónusta og fl.



**BJ VERK** ehf.  
Björn s: 892-3042

## BílaGlerið

Framrúður & ísetningar  
Sími 587-6510

Öryggisgler í vinnuvélar, báta og bíla

Bíldshöfða 16 (bakhús) · 110 Reykjavík · glerid@simnet.is

## GÓÐIR MENN EHF

Rafverktakar  
GSM: 820-5900

- nýlagdir • viðgerðir
- endurnýjun á raflögnum
- hönnun og uppsetning á öryggiskerfum
- síma og tölvulagnir



Löggiltur rafverktaki

## OPNUNARTÍMI SUNDLAUGA

Lágafellslaug

Virkir dagar: 06:30 - 22:00  
Helgar: 08:00 - 19:00

Varmárlaug

Virkir dagar: 06:30-08:00 og 15:00-21.30  
Laugard. kl. 08:00 -17:00 og sunnud. kl. 08:00-16:00

## Bílapartar ehf

Notaðir **TOYOTA** varahlutir

Sími: 587 7659

Grænumýri 3 | 270 Mosfellsbæ  
www.bilapartar.is

## Nýir Mosfellingar

Sendið okkur myndir af nýjum  
Mosfellingum ásamt helstu  
upplýsingum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is

## BYGGJUM Á GRÆNUM LAUSNUM

TIMBURGRINDARHÚS

KROSSLÍMDAR EININGAR

SVALALOKANIR

GLUGGAR OG HURÐIR



**EININGAR EHF**

WWW.EININGAR.IS

Sími: 565 1560 einingar@einingar.is

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSING Í MOSFELLINGI

**KR. 7.000 + vsk.\***

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

\*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



**ARTPRO**

PRENTÞJÓNUSTA

Bíldshöfða 14 | Reykjavík | s. 547 4444

www.artpro.is

# SPURNING TIL BÆJARBÚA

Hver er uppáhalds-  
maturinn þinn?



**VICTORÍA:**  
Kfc.



**DANÍEL:**  
Hamborgari.



**ÓLAFUR JÓNAS:**  
Nautalund.



**BIRGIR:**  
Ríbeye steik.



**ADAM:**  
Hreindýrabollur.



**EINAR:**  
Kryddbrauð.

# Fylgdu okkur á Instagram...

@MOSFELLINGUR



## HVERJIR VORU HVAR ?

Sendið okkur endilega myndir - mosfellingur@mosfellingur.is




'90 strákarnir í garðinum



Sveinarnir ungu mættir á völinn



Gunni á hjólinu



Stelpa á leiðinni



Stuðningur í Músíktilraunum



Rándýr afmælisgjöf



Á Reykjalundi



**MOSFELLINGAR Á VESTFJÖRDUM  
STOFNUÐU BRAUÐTERTUFÉLAG UM PÁSKANA**



**ALDREI**

### TVÍFARAR



Anna Thelma



GDRN



Við á Sprey Hárstofu  
elskum það sem við gerum,  
við erum fagmenn!

Hárstofan  
**Sprey**

Hægt er að panta tíma á  
Sprey.is eða í síma 5176677  
Mosfellsbæ og Garðabæ.



Borgarholtsskóli

## Opið fyrir umsóknir nemenda úr 10. bekk

umsóknarfrestur til 8. júní

### Bóknám til stúdentsprófs

- Félags- og hugvísindabraut
- Náttúrufræðabraut
- Heilsu- og lífsstílsbraut
- Viðskipta- og frumkvöðlabraut

### Íþróttakademía

### Bíliðngreinar

- Bifvélavirkjun
- Bifreiðasmíði
- Bílamálun

### Málmiðngreinar

- Blikksmíði
- Rennismíði
- Stálsmíði
- Vélvirkjun
- Pípulagnir

### Listnám

- Grafísk hönnun
- Kvikmyndagerð
- Leiklist

Allar upplýsingar á **[borgo.is](http://borgo.is)**



# ALLT

## F A S T E I G N A S A L A

www.allt.is • allt@allt.is • 560-5505  
Þverholt 2 • Mosfellsbær



## HERNÁM Í HLÉGARÐI

Sögukvöld í Hlégarði var haldið fimmtudaginn 21. mars. Yfirskrift kvöldsins var „Hersein sveit“ en dagskráin var partur af Menningu í mars. Á myndinni má sjá félagi úr leikfélaginu bregða á leik.

Sæktu  
Landsbanka-  
appið



App Store Google Play

## Múlalundur

Glæsileg  
ritfangaverslun  
í Mosfellsbæ  
- kíktu við, þá vinna allir!



MÚLALUNDUR  
vinnustofa SÍBS

við Reykjalund, Mosfellsbæ  
www.mulalundur.is

## MIKIL SALA - VANTAR EIGNIR - VERÐMETUM



**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Brynjólfur Jónsson**  
löggiltur  
fasteignasali  
898-9791

Þjónusta við  
Mosfellinga í 35 ár

Háholt 14, 2. hæð

**588 55 30**



### Silfurslétta



Rúmgott 160 fm atvinnuhúsnæði á Esjumelum. Húsið er með góða staðsetningu og mjög rúmgott. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Næg bílastæði.

### Rauðás



Falleg 80 fm íbúð á 2. hæð. 3ja herb. Tvennar svalir. Frábært útsýni. Góðar innréttingar og flott lóð. Næg bílastæði.


Verð: 61.5 m.

### Leirvogstunga



253 fm einbýlishús, vel staðsett með útsýni og stór garður umhverfis. Sól pallur og hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. Húsið var allt klætt að utan fyrir nokkrum árum og byggt við það. Er í góðu viðhaldi. Hiti er í gólfum að hluta. 5 svefnherbergi. Verð: 134 m.

### Reykjahvoll



Einbýli, 180 fm á fögrum stað innst í Reykjahverfi. Stór lóð, 2.300 fm eignarlóð og fallegur garður með miklum gróðri. Komið er að viðhaldi. Kjallari ekki skráður inn í fermetratölu. Varmá rennur við lóðamörk. Fasteignamat 109 m. Verð: 98 m.